

**Sþ.**

## 1. Tillaga til þingsályktunar

[1. mál]

um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Þórarinn Þórarinsson, Ragnar Arnalds, Gylfi Þ. Gíslason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að á árunum 1975—79, að báðum árum meðtöldum, skuli framkvæma eftirfarandi áætlun um landgræðslu og gróðurvernd til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu og verja til þess ríkisfé í samræmi við hana:

1. Landgræðsla ríkisins: Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróður-eyðingar. Gróðurvernd og landgræðsla .....	700 millj. kr.
2. Skógrækt ríkisins: Skóggæðslukönnun, skógvernd og skógrækt .....	170 millj. kr.
3. Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Rannsóknir á nýtingu beitargróðurs, aðrar tilraunir og gróðurkortagerð .....	80 millj. kr.
4. Annað: Ráðstafanir til bættrar landnýtingar og stuðningur við fræðslustarf samtaka áhugamanna .....	50 millj. kr.
	<hr/>
	1000 millj. kr.

Árlegar fjárveitingar af ríkisfé til áætlunar þessarar miðist við, að hún haldi núverandi framkvæmdagildi sínu hliðstælt því, sem gildir um jarðræktarframlög samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga, og að áætlunin komi til framkvæmda í jöfnum árlegum áföngum á árunum 1975—79. Fjárveitingar til áætlunarinnar skulu ekki blandast saman við venjulegar fjárveitingar til þeirra málaflokka, sem áætlunin tekur til, og ekki rýra þær.

Landbúnaðarráðherra setur á fót samstarfsnefnd til þess að efla samvinnu þeirra stofnana, sem hafa með höndum framkvæmd áætlunar þessarar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar að eigin vali, en aðrir nefndarmenn verði þessir: landgræðslustjóri, búnaðarmálastjóri, skógræktarstjóri og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

### Greinargerð.

Landið hefur nú fóstorað þjóðina í ellefu hundruð ár.

Gróðurinn á landinu og lífið í hafinu umhverfis það hafa alla tíð verið undirstöður þjóðlífsins og svo er enn. Sambúð lands og þjóðar hefur stundum verið hörð, og víst er, að landið hefur galdið mikið athroð í þeim samskiptum.

Í harðri lífsbaráttu neyddust menn oft til þess að ganga nærri landinu, skerða gróðurinn til þess að hjarga lífi sínu og sinna. Þjóðin varð að taka lán hjá landinu, þegar verst lét, til þess að geta lifað. Enn er sú skuld hvergi nærri goldin.

Nú er öldin önnur en áður var. Stórsókn hefur staðið um sinn í ræktun, landgræðslu og skógrækt og árangur orðið stórbrotinn. Samt er mikill hluti landsins enn í sárum, uppblásin auðn, og gróður er enn víða á undanhaldi, svo að hætta stafar af.

Árangur þess starfs, sem unnið hefur verið að ræktunar-, landgræðslu- og skógræktarmálum á þessari öld, sýnir glögggt, að öll skilyrði eru til þess, að þjóðinni sé kleift að greiða skuldina við landið. Landsmenn eiga nú orðið þá reynslu og þekkingu, sem þarf til að svo megi verða.

Þessi tillaga til þingsályktunar kveður svo á, að nú á 1100 ára afmæli byggðar á Íslandi verði tekin ákvörðun á Alþingi um nýtt stóráttak í landgræðslu og gróðurvernd. Verði ákveðin fimm ára áætlun, sem skiptist í fjóra höfuðþætti:

1. Gróðurverndar- og landgræðsluáætlun, þ. e. um þann hluta þessara mála, sem fellur undir starfsemi Landgræðslu ríkisins.
2. Skógræktar- og skógverndaráætlun á vegum Skógræktar ríkisins, og fylgja þar með rannsóknir vegna skógræktar.
3. Rannsóknáætlun, sem fjallar um þær rannsóknir, sem brýnast er að efla á sviði gróðurverndar, landgræðslu og landnýtingar.
4. Annað, sem miðar að því að auðvelda og bæta meðferð og nýtingu landsins.

Áætlunin er byggð á nefndarátliti Landgræðslu- og landnýtingarnefndar, sem landbúnaðarráðherra skipaði og starfað hefur undanfarin tvö ár. Er kafli úr átliti hennar prentaður sem fylgiskjal með þessari tillögu.

Markmiðin í landgræðslu- og landnýtingarmálum hljóta að vera þessi: Stöðva uppblástur, sandfok og aðra jarðvegseyðingu, koma gróðurnýtingu í byggðum og óbyggðum í það horf, að gróðri fari fram. Hlynna að skóglendi og tryggja, að það gangi ekki úr sér. Leggja grundvöll að nýjum skógum til fegrunar, nytja, skjóls og útivistar. Græða örfoka og ógróið land, sem æskilegt er að breytist í gróðurlendi. Efla rannsóknir og tilraunir á þessum sviðum, þannig að það, sem gert er, hvíli á traustum grunni.

Áætlunin nær til allra þessara þátta og á að vera stórt spor í þessa átt. Hún er við það miðuð, að Alþingi ákveði nýtt myndarlegt áttak í þessum efnum til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Ætlast er til, að með réttu megi kalla þessa ákvörðun tímamót í viðleitni þjóðarinnar til þess að bæta og fegra land sitt og gjalda því fósturlaun.

### Fylgiskjal.

#### ÁÆTLUN (1974—1978)

##### I.

#### ALMENN GRÓÐURVERND OG LANDGRÆÐSLA

##### Landgræðsla ríkisins.

1. Stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og sandfoks.			
a. Ný svæði á vegum Landgræðslunnar.			
Efni og vinna við girðingar .....	40	millj.	kr.
Uppgræðsla .....	250	—	—
b. Eldri svæði á vegum Landgræðslunnar.			
Viðhald og endurbætur girðinga .....	20	—	—
Uppgræðsla .....	150	—	—
c. Rofabörð og önnur jarðvegssár.			
Tæki .....	10	—	—
Jöfnun lands .....	15	—	—
Girðingar .....	5	—	—
Sáning og áburðardreifing .....	15	—	—
2. Landgræðsla eftir 8. og 21. gr. landgræðslulaga, samkvæmt samningum við bændur .....	100	—	—
3. Landgræðsluáveitur .....	45	—	—
4. Fræðflun.			
Söfnun melfræs .....	5	—	—
Söfnun og prófun innlands og erlends fræs í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins .....	5	—	—
5. Flugvellir, tæki og geymslur .....	40	—	—
6. Gróðureftirlit .....	5	—	—

Samtals 705 millj. kr.

II.  
SKÓGVERND OG SKÓGRÆKT

Skógrækt ríkisins.

1. Skógræðslukönnun .....	12.5 millj. kr.
2. Rannsóknir á tegundum og kvæmum .....	2.5 — —
3. Kynbætur og frærækt .....	7.5 — —
4. Endurskipulagning plöntuframleiðslunnar .....	32.5 — —
5. Girðingar og ný svæði til skógverndar og skógræktar og úti- vistar .....	100.0 — —
6. Skjólbeltatílaunir .....	10.0 — —

Samtals 165.0 millj. kr.

III.  
RANNSÓKNIR Á SVIÐI GRÓÐURVERNDAR, LANDGRÆÐSLU  
OG GRÓÐURNÝTINGAR

Rannsóknastofnun landbúnaðarins o. fl.

1. Gerð gróður- og jarðakorta .....	20 millj. kr.
2. Tilraunir með nýtingu og aukningu beitargróðurs .....	40 — —
3. Söfnun og prófun innlands og erlends fræs og plantna í sam- vinnu við Landgræðslu ríkisins .....	5 — —
4. Vistfræðirannsóknir .....	15 — —

Samtals 80 millj. kr.

IV.  
ANNAÐ

1. Afréttarvegir (útvistarvegir) (háð samþykki Landgræðslu ríkisins) .....	40 millj. kr.
2. Beitar- og landnýtingarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands ..	5 — —
3. Landvernd, samtök áhugamanna um landgræðslu og náttúru- vernd .....	5 — —

Samtals 50 millj. kr.

Alls á árunum 1974—78 1000 millj. kr.

GREINARGERÐIR  
I. LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Verkefni.

Nær óþrjótandi verkefni blasa við á starfssviði Landgræðslu ríkisins. Í áætlun-  
inni er leitast við að deila fjármagninu á milli þeirra verkefna, sem brýnust eru  
og talin verða hér á eftir. Mörg þeirra eru tengd þannig, að lausn eins er háð  
öðru, og er því ekki um forgangsröð að ræða.

1. Stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar í byggð og á hálendi og hefting sandfoks.
2. Aðstoð við skynsamlega nýtingu beitilanda, uppgræðslu og hagabætur, þar sem  
þröngt er í högum og hætta á gróðurrýrnun af þeim sökum.
3. Landgræðsluáveitur.
4. Fræsöfnun.
5. Gerð flugvalla, öflun tækja og annarrar aðstöðu fyrir Landgræðsluna.
6. Gróðureftirlit.

### Nánari lýsing verkefna.

#### 1. Stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar í byggð.

Höfuðáhersla er lögð á að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu í byggð, þ. e. a. s. á því landi, sem er neðan við 400 m hæð yfir sjávarmál. Neðan þeirra hæðarmarka er mest af því landi, sem þegar er ræktað og hagkvæmast er til ræktunar, en 400 m eru að jafnaði gróðurfarsleg hálandismörk landsins. Á milli 100 og 400 m er nú örúst gróður- og jarðvegseyðing, enda er uppblástursjaðarinn víðast kominn niður fyrir hálandisbrúnina. Milli þessara hæðarmarka eru um 42% af flatarmáli landsins.

Aðgerðir þessar miða fyrst og fremst að því að sá í foksvæði, loka rofabörðum og styrkja mótstöðuafli gróðurs.

Reynslan hefur sýnt, að slíkar aðgerðir bera sjaldnast árangur, nema foksvæðin séu afgirt og friðuð.

Eins og tafla 23 sýnir, er einhver uppblástur í flestum sýslum landsins. Unnið verður jöfnum höndum að græðslu þeirra svæða, sem þegar eru girt, og að girða ný og hefja græðslu þeirra.

#### 2. Stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar á hálandi.

Enda þótt uppblástur landsins hafi víða átt upptök sín á hálandinu og það sé nú víða örfoka, er þar enn mikil gróðureyðing, sem nauðsyn ber til að stöðva.

Stærstu svæðin eru á öræfum Þingeyjarsýslna, á hálandi Norðausturlands og Suðurlands. Uppblásturinn er aðallega tengdur eldfjalla- og móbergssvæðunum.

Hefting jarðvegseyðingar á hálandinu er örðugri og dýrari en á láglandi vegna lélegri gróðurskilyrða, snjóþyngsla, skorts á hæfum plöntum og mikils flutningskostnaðar.

#### 3. Hefting sandfoks.

Hefting sandfoks hefur frá upphafi verið eitt af höfuðviðfangsefnum Sandgræðslu Íslands og síðar Landgræðslu ríkisins. Þrátt fyrir ágætan árangur, sem flestum er kunnur, er sandfok enn víða til tjóns, bæði á láglandi og hálandi. Stöðvun þess er að því leyti frábrugðin stöðvun annarrar jarðvegseyðingar, að komast þarf fyrir upptök foksins, hvort sem þau eru á sjávarströnd eða efst á hálandi landsins.

Stærstu sandfokssvæðin eru í Þingeyjarsýslum, í Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslu. Slík svæði verður að friða.

Að framangreindum verkefnum verður m. a. unnið fyrir það fé, sem talið er undir 1. tölulið í áætluninni.

#### 4. Aðstoð við skynsamlega nýtingu og ræktun beitilands, þar sem þröngt er í högum.

Skynsamleg nýting beitilands er alger forsenda gróðurverndar. Víða á landinu er gróður talinn ofnýttur og rýrna og eyðast af þeim sökum. Á öðrum svæðum sé gróður fullnýttur og á nokkrum hluta landsins vannýttur. Þar sem gróður er ofnýttur er sérstök ástæða til að hvetja til hagabóta.

Samkvæmt heimildum 8. og 21. gr. landgræðslulaga getur Landgræðslan stutt gróðurvernd og uppgræðslu á löndum sveitarfélaga og einstaklinga, og eru þá framlögin bundin skilyrðum um meðferð og notkun landsins. Þau landsvæði skulu ganga fyrir, þar sem þröngt er í högum og hætta á gróðurrýrnun, uppblæstri eða gróðureyðingu af völdum ofnýtingar. Samkvæmt 2. lið I. kafla er ætlað fjármagn til þessa.

Að öðru leyti er fjallað um þessi mál í kafla „Um félagslegar aðgerðir“.

### 5. Landgræðsluáveitur.

Íslenskur eldfjallajarðvegur er gleypur og heldur illa vatni. Víða er vatns-skortur aðalorsök gróðurleysis. Ljóst er, að á slíkum svæðum getur hækkun grunnvatns og yfirborðsáveitur flýtt fyrir uppgræðslu og jafnvel algerlega stöðvað jarðvegsfok.

Áveitur á Stjórnarsandi, í Hekluhrauni, í Selvogi og víðar lofa góðu um nytsemi þeirra. Gerðar hafa verið áætlanir um slíkar framkvæmdir við Sandvatn á Biskupstungnafrétti og við Sandkluftavatn norðan Þingvalla. Víðar yrði hægt að beita þessari aðferð.

### 6. Fræsöfnun.

Skortur á harðgerðum og hæfum plöntum til uppgræðslu hefur háð landgræðslustarfinu mikið.

Meginhluti þess fræs, sem notað er til uppgræðslu og annarrar ræktunar hér, er fenginn frá öðrum löndum og ekki ræktaður fyrir íslensk skilyrði. Melgrasið er undantekning, og er þáttur þess í landgræðslustarfinu ómetanlegur.

Brýna nauðsyn ber til að tryggja meiri öflun melfræs og hefja leit að hæfum plöntum erlendis, sem henta við íslenskar aðstæður. Lítil vafi er á, að með þessu móti er unnt að auka verulega tegundafjölda íslensku flórunnar. Í þessu skyni þarf að senda menn til þeirra staða erlendis, þar sem hugsanlegt er, að not-hæfar plöntur vaxi. Í öðru lagi þarf að finna hagkvæmar aðferðir til ræktunar og öflunar fræs af innlendum uppruna.

### 7. Flugvellir, tæki og geymslur.

Til þess að Landgræðsla ríkisins geti unnið á hagkvæman hátt að verkefnum þeim, sem að framan eru talin, þarf að efla tækjakost hennar nokkuð og skapa lendingaraðstöðu fyrir minni vélina og fjölga flugbrautum fyrir hana.

Landgræðsla ríkisins hefur nú til umráða tvær flugvélar til fræ- og áburðar-dreifingar, en nokkuð skortir á, að viðunandi aðstaða sé á flugvöllum til geymslu og hleðslu á áburði. Eins og sakir standa er nauðsynlegt að gera flugvöll fyrir stærri vélina á Haukadalsheiði og jafnvel í Mývatnssveit. Allvíða þarf að bæta aðstöðu til að nýta flugvélakost hennar hvarvetna þar sem verkefni eru fyrir hendi.

### 8. Gróðureftirlit.

Um leið og aukinn er stuðningur til að létta á högum og vinna gegn ofbeit, þar sem heitarálagið er talið of mikið, þykir rétt að styrkja aðstöðu Landgræðslu ríkisins til að hafa á hendi gróðureftirlit. Í þeim tillögum, sem gerðar eru til breytinga á landgræðslulögunum, er lögð áhersla á, að gróðureftirlit sé einn þáttur í starfi Landgræðslunnar. Hér er ætlað fé til þess, að ráðinn verði maður í slíkt starf. Að gróðureftirliti verður að vinna í nánú samstarfi við gróðurverndarnefndir.

Rétt er að geta þess hér, að um stöðvun landbrots af völdum fallvatna og um gróðureyðingu af öðrum orsökum, svo sem af völdum grasmaðks, gæsa, álfta, hreindýra og umferðar og átroðnings, er fjallað annars staðar í nefndarálitinu.

### Landgræðslusvæði.

Landgræðsla ríkisins hefur gert áætlun um helstu svæði, þar sem brýn þörf er nýrra girðinga og aukinnar uppgræðslu innan girðinga.

#### 1. Ný girðingasvæði.

Hítardalur, Mýrasýslu, girðing	20 km
Við ósa Héraðsvatna, Skagafjarðarsýslu	3 —
Sandabrot á Reykjaheiði, Suður-Þingeyjarsýslu	15 —
Búrfellshraun á Miðfjöllum, Mývatnssveit, Suður-Þingeyjarsýslu	12 —
Lúdentssvæði í Mývatnssveit, Suður-Þingeyjarsýslu	15 —

Katlasvæði í Mývatnssveit, Suður-Þingeyjarsýslu .....	25 km
Önnur smærri svæði í Suður-Þingeyjarsýslu, t. d. Bárðardal hjá Sandvík og víðar ca. ....	10 —
Önnur smærri svæði í Norður-Þingeyjarsýslu, t. d. við Hljóðakletta, Krókhyrnugil, Leirhafnarfjöll, við Kópasker, á Hólsfjöllum og víðar .....	15 —
Sandfokssvæði á Héraði, þ. e. frá Lagarfljóti að Jökulsá á Brú, Norður-Múlasýslu .....	5 —
Við Skógey í Austur-Skaftafellssýslu, og beggja vegna Hornafjarðarfljóts við Bjarnanessand og Holtateiga .....	15 —
Efri-Steinsmýrarmelur og allt vestur að Botnum í Meðallandi, Vestur-Skaftafellssýslu .....	18 —
Efri hluti Skaftártungu, þ. e. hluti af landi Búlands, Hvamms og Skaftárdals, Vestur-Skaftafellssýslu .....	40 —
Sandfokssvæði út frá vatnsfarvegum í Eldhrauni, Vestur-Skaftafellssýslu .....	5 —
Hraunteigur á Rangárvöllum, Rangárvallasýslu .....	10 —
Norðanvert Skarðsfjall í Landsveit, Rangárvallasýslu .....	12 —
Úthlíðarhraun fram að Básakvísl, Árnessýslu .....	9 —
Afréttur Þingvallasveitar, Grimsness og Laugardals frá Sandkluftavatni að Sandfelli, Árnessýslu .....	50 —
Sandfokssvæði út frá Þjórsá í Villingaholtshreppi, Árnessýslu ....	5 —
Stækkun Hafnagirðingar á Reykjanesskaga, Gullbringusýslu ....	10 —
Ófyrirséð .....	13 —

---

Samtals 307 km

*2. Eldri svæði, þar sem aukinna aðgerða er þörf.*

Hafnagirðing á Reykjanesskaga, Gullbringusýslu.  
 Sauðlauksdalssandagirðing, Vestur-Barðastrandarsýslu.  
 Randagirðingar í Mývatnssveit, Suður-Þingeyjarsýslu.  
 Austari Brekkur í Mývatnssveit, Suður-Þingeyjarsýslu.  
 Mývatnsöræfi, Suður-Þingeyjarsýslu.  
 Sandsvæði í Hjaltastaðapinghá, Norður-Múlasýslu.  
 Steinsmýrargirðing, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 Meðallandsgirðingar, Vestur-Skaftafellssýslu.  
 Kamsheiði í Holtum, Rangárvallasýslu.  
 Landeyjasandur, Rangárvallasýslu.  
 Landmannaafréttur, Rangárvallasýslu.  
 Girðing í Úthlíðarhrauni, Árnessýslu.

## II. SKÓGVERND OG SKÓGRÆKT

### SKÓGRÆKT RÍKISINS

#### Verkefni.

Áætlað er að veita fé á áætlunartímabilinu til nokkurra þeirra verkefna í skógræktar- og skógverndarstarfinu, sem brýnast er talið að auka við. Þeim er nánar lýst í skógræktarþætti nefndarálitsins.

Með því að auka fé til þessara verkefna er stefnt að því að:

- Stórauka vernd birkiskóga landsins til þess að fegra þá og nýta, hindra frekari gróður- og jarðvegseyðingu og skapa æskileg útivistarsvæði.
- Treysta undirstöðu undir hagkvæmt skógræktarstarf í framtíðinni, með rannsóknnum, kynbótum og hagkvæmri plöntuframléiðslu.
- Ræktun skjólbelta.

**Nánari lýsing verkefna.**

1. *Skógræðslukönnun.* Með skógræðslukönnun er átt við starf, sem þegar er hafið fyrir tilstuðlan Skógræktarfélags Íslands og unnið hefur verið að í samvinnu þess og Skógræktar ríkisins. Könnunin miðar að því að:
  - a) Mæla og meta birki og kjarrlendi landsins.
  - b) Mæla vöxt barrtrjáa og kanna vaxtarskilyrði þeirra sem víðast um landið.
  - c) Gera áætlanir um skógrækt á vegum Skógræktar ríkisins og skógræktarféлага.  
Gera þarf nákvæm gróðurkort í mælikvarða 1:5000 af viðkomandi svæðum. Þau eru undirstaða frekari áætlana um skógvernd og skógrækt.
2. *Rannsóknir á tegundum og kvæmum* eru nauðsynlegar til þess að vita, hvað best á við að rækta á hverjum stað á landinu, við mismunandi aðstæður.
3. *Tilraunastöðin á Mógilsá* hefur hafið tilraunir með frærækt og fæst við kynbætur á íslensku birki. Bæta þarf aðstöðu til þessa starfs.
4. *Endurskipulagning plöntuframléislunnar.*  
Miðað er að því að byggja eina stóra gróðrarstöð á heppilegum stað. Þar yrði kleift að beita nýjustu tækni við sáningu og öflun fræplantna og skógarplantna. Með þessu yrði hægt að ná meiri hagkvæmni í þessari framléislun og stórlækka framléislukostnað plantnanna. Núverandi gróðrarstöðvar mundu þá sinna eldi garðplantna og fá til þess plöntur frá aðalstöðinni. Lækkun á framléislukostnaði skógar- og garðplantna mundi stórbæta nýtingu þess fjár, sem varið er til skógræktar, og koma almenningi í þéttbýli jafnt og strjálbýli til góða.
5. *Friðun nýrra svæða til skógverndar, skógræktar og fyrir útivistarsvæði.*  
Gert er ráð fyrir verulegu átaki til verndunar á birkiskógum og kjarrlendi. Með því er haft í huga:
  - a) Að koma í veg fyrir frekari eyðingu þeirra og í mörgum tilfellum jarðvegseyðingu, sem henni yrði samfara.
  - b) Að afla nýrra landa til ræktunar nytjaskóga, þar sem það hentar.
  - c) Að fá heppileg og eftirsótt útivistarsvæði.  
Oft getur þetta allt farið saman. Í öðrum tilfellum aðeins fyrsta og þriðja atriðið.  
Að þessu yrði ýmist unnið með því að kaupa landið eða með samningum við eigendur þess eða forráðamenn um notkun þess og meðferð. Skógrækt má jafnt stunda á eignar- og leigulandi.  
Með samningum við forráðamenn landsins um rétta meðferð og hóflega nýtingu gætu mörg skóglendi komið til nota sem beitiskógar fyrir viðkomandi jarðir og sem útivistarsvæði almennings. Útivistarsvæði geta verið í eigu ríkisins (þjóðgarðar), sveitarféлага (fólkvangar), annarra féлага eða einstaklinga.
6. *Skjólbelti.*  
Fjárveiting til skjólbeltaræktunar er ætluð sem framlag til þess að gera tilraunir með skjólbelti, þar sem reynsla er fyrir góðum vexti trjáa og garðrækt eða önnur verðmæt ræktun er stunduð. Samningar um þetta yrðu gerðir við viðkomandi búnaðarsamband eða búnaðarfélag.

### III. RANNSÓKNIR RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS O. FL.

Þörf er aukinna rannsókna á gróðurfari og beitarþoli landsins, landskemmdum, landgræðslu og gróðurnýtingu, svo og vistfræðilegra rannsókna á ýmsum þáttum, er snerta áhrif ræktunar og annarrar gróðurverndar á umhverfið. Þá er nauðsynlegt að kanna nánar skaðsemi dýra, gæsa og hreindýra, fyrir beitolönd og ræktun.

Ætlað er fé til eftirtalinna viðfangsefna:

1. Gerð gróður- og jarðakorta.
2. Tilraunir með verndun og hagnýtingu beitilanda.
3. Söfnun og prófun innlands og erlends fræs.
4. Vistfræðilegar athuganir.

#### *Gróður- og jarðakort.*

Gerð gróðurkorta af hálendi landsins er vel á veg komin. Þar með er fengin mikil þekking á ástandi gróðurs og beitarþoli afrétta á viðkomandi svæðum.

Fyrirhugað er að gera gróður- og jarðakort, er nái yfir allar byggðir. Þau yrðu í stærri mælikvarða en gróðurkort af hálendi, 1:20 000, og gæfu til kynna stærð hvernjar jarðar, landamerki, ræktunarhæfni landsins, og stærð og gæði heitilands. Þegar hafa verið gerð í tilraunaskyni kort af einu héraði, Borgarfjarðarsýslu.

Fyrir tveimur árum var hafin samvinna á milli Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landmælinga Íslands, Landnáms ríkisins og Yfirfasteignamatsins um undirbúning að gerð slíkra korta, og er ætlað, að hver stofnun annist ákveðinn þátt framkvæmdanna.

Til þessa hafa Landmælingar ríkisins fengið tæki, sem gera það kleift að heita nýrri tækni við gerð nákvæmra korta í stórum mælikvarða eftir loftmyndum. Landnýtingarnefnd stuðlaði að því, að Landmælingar fengju þessi tæki. Fjármagni, sem hér yrði varið til þessa, er ætlað að flýta þessu.

#### *Tilraunir með verndun og hagnýtingu beitilanda.*

Gerð hefur verið, með aðstoð sérfræðinga frá FAO, viðtæk áætlun um rannsóknir á verndun og hagnýtingu beitilanda. Til þessara tilrauna fæst að öllum líkindum tæknaaðstoð frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Stuðningur þessi verður í formi tækja, efnis og sérfræðilegrar aðstoðar. Mótframlag Íslands er allur innlendur kostnaður bundinn við rannsóknir, og er meginhluti þeirrar fjárhæðar, sem er undir 2. lið III. kafla, ætlaður til að standa straum af þeim kostnaði.

#### *Söfnun og prófun innlands og erlends fræs til landgræðslu.*

Áætlunin gerir ráð fyrir því, að Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins vinni saman að leit að heppilegum landgræðsluplöntum, prófun á þeim og síðan öflun fræs af þeim plöntum, sem nýtilegar reynast. Þá yrði einnig unnið að rannsóknum á heppilegri tækni við öflun melfræs og fræs af öðrum innlendum landgræðsluplöntum.

#### *Vistfræðirannsóknir.*

Undir þennan lið falla m. a. ýmiss konar rannsóknaverkefni, er snerta verndun og hagnýtingu gróðurlanda, svo sem rannsóknir á vistfræðilegum áhrifum áburðargjafar og framræslu o. fl.

Rannsóknir á tjóni, m. a. af völdum álftra, gæsa og hreindýra, falla einnig undir þennan lið.



Hluta af þessu fé má verja til að veita styrki til einstaklinga, sem kynnu að vilja taka að sér ákveðin afmörkuð rannsóknaverkefni.

Að öðru leyti yrðu rannsóknir þessar framkvæmdar í samvinnu þeirra rannsóknaaðila, er málin snerta.

#### IV. ÖNNUR VERKEFNI Á SVIÐI LANDGRÆÐSLU OG LANDNÝTINGAR

Í fjórða kafla áætlunarinnar eru talin verkefni, sem miða að því að bæta meðferð landsins og auðvelda fólki að njóta þess og auka þekkingu þess á landinu og því, hvernig eigi að umgangast það og hvað beri að varast í því efni.

##### *Afréttarvegir.*

Afréttarvegir eru nauðsynlegir til að auðvelda hagkvæma og jafna dreifingu afréttarpeningsins um hagara og jafna þar með heitarálagið. Sömu vegir þjóna einnig ferðafólki, sem í æ ríkara mæli leitar upp á fjöll og öræfi. Ruddir vegir og merktar slóðir ættu að draga úr akstri vítt og breitt um landið. Slíkur akstur veldur nú tíðum spjöllum á viðkvæmum gróðri.

##### *Beitarráðunautur.*

Lagt er til, að Búnaðarfélagi Íslands verði veitt fé til að hafa ráðunaut, sem legði á ráðin, með forráðamönnum fjallskilamála og gróðurverndarnefndum, um skynsamlega meðferð og nýtingu heitilanda. Hann ynni og með héraðsráðunautum, og einstökum bændum gæfi hann ráð um meðferð heimalanda.

##### *Landvernd.*

Samtök áhugamanna um landgræðslu og náttúruvernd hafa með starfsemi sinni sannað gildi sitt. Þau hafa staðið fyrir virkri þátttöku áhugafólks í landgræðslustarfinu og aukið áhuga almennings á landgræðslu og náttúruvernd. Fræðslustarfsemi, m. a. með útgáfu rita, áminningarspjalda og fundarhöldum, og umræður um vandamál, eins og þau blasa við hverju sinni, er nauðsynleg. Heilbriggt og eðlilegt er, að þessi störf séu í höndum áhugafélaga.

**Nd.**

## **2. Frumvarp til laga**

[2. mál]

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

### **1. gr.**

Fram til 31. ágúst má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr. má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Alþt. 1974. A. (95. löggjafarþing).

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

#### 2. gr.

Verðlagsuppbót á laun skal haldast óbreytt fram til 31. ágúst 1974, sú sem gildi tók 1. mars 1974 samkvæmt kjarasamningum.

Hagstofa Íslands skal upplýsa í opinberri greinargerð, hver kaupgreiðsluvísitala 1. júní 1974 hefði orðið miðað við óbreytt fyrirmæli kjarasamninga og laga um útreikning hennar, svo og miðað við það, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar á liðnum „eigin bifreið“ í framfærsluvísitölu, er orðið hefur á tímabilinu frá 1. nóvember 1973 til 1. maí 1974. Hafi niðurgreiðsla vöruverðs verið aukin fyrir 1. júní 1974 frá því, sem hún var í maíbyrjun 1974, skal og miða útreikning þennan við smá-söluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni verðlækkun, er slík niðurgreiðsluaukning veldur.

#### 3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sbr. lög nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., skulu haldast til 31. ágúst 1974 eins og þau voru ákveðin frá og með 1. mars 1974.

#### 4. gr.

Almennt fiskverð, annað en verð skarkola, humars og rækju, skal haldast til 31. ágúst 1974 eins og það var ákveðið um síðast liðin áramót, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, enda tryggir ríkisstjórnin, að verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, er landa afla sínum og taka olíu hérlendis, haldist á meðan óbreytt eins og það var í nóvembermánuði 1973.

#### 5. gr.

Fjárfestingarlánasjóðir þeir, er fá til ráðstöfunar fjármagn af útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, er lífeyrissjóðir kaupa samkvæmt samningi eða af verðtryggðu spariskírteinafé, endurláni þetta fé með sambærilegum skilmálum. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að verðtrygging nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðist af því, hve stór hluti verðtryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna.

Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsg. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

#### 6. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

#### 7. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um tímabundnar ráðstafanir gegn verðbólgu nr. 28 21. maí 1974, og fylgja þau hér með.

Fylgiskjal.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að verði eigi gripið til gagnráðstafana sé fyrirsjáanleg veruleg hækkun verðlags og kaupgjalds, sem stefna muni afkomu atvinnuvega, atvinnuöryggi, viðskiptastöðu landsins út á við og þar með hag allra landsmanna í hættu; jafnframt hafi komið í ljós, að fjárfestingarlánasjóðir geti ekki að óbreyttum útlánskjörum nýtt það fjármagn, sem um hafi samist, að þeir fengju frá lífeyrissjóðum á þessu ári. Beri því brýna nauðsyn til að grípa án tafar til tímabundinna ráðstafana til viðnáms gegn verðbólgu og til þess að tryggja fjárhagsstöðu fjárfestingarlánasjóða, þannig að betra færi verði en ella til varanlegri lausna að afstöðnum Alþingiskosningum þeim, sem í hönd fara.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

Fram til 31. ágúst má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

## 2. gr.

Verðlagsuppbót á laun skal haldast óbreytt fram til 31. ágúst 1974, sú sem gildi tók 1. mars 1974 samkvæmt kjarasamningum.

Hagstofa Íslands skal upplýsa í opinberri greinargerð, hver kaupgreiðsluvísitala 1. júní 1974 hefði orðið miðað við óbreytt fyrirmæli kjarasamninga og laga um útreikning hennar, svo og miðað við það, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar á liðnum „eigin bifreið“ í framfærsluvísitalu, er orðið hefur á tímabilinu frá 1. nóvember 1973 til 1. maí 1974. Hafi niðurgreiðsla vöruverðs verið aukin fyrir 1. júní 1974 frá því, sem hún var í maíbyrjun 1974, skal og miða útreikning þennan við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni verðlækkun, er slík niðurgreiðsluaukning veldur.

## 3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sbr. lög nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., skulu haldast til 31. ágúst 1974 eins og þau voru ákveðin frá og með 1. mars 1974.

## 4. gr.

Almennt fiskverð, annað en verð skarkola, humars og rækju, skal haldast til 31. ágúst 1974 eins og það var ákveðið um síðastliðin áramót, sbr. tilkynningu Verð-

lagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, enda tryggir ríkisstjórnin, að verð á brennslu-olíum til íslenskra fiskiskipa, er landa afla sínum og taka olíu hérlendis, haldist á meðan óbreytt, eins og það var í nóvembermánuði 1973.

**5. gr.**

Fjárfestingarlánasjóðir þeir, er fá til ráðstöfunar fjármagn af útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, er lífeyrissjóðir kaupa samkvæmt samningi eða af verðtryggðu spari-skírteinafé, endurláni þetta fé með sambærilegum skilmálum. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að verðtrygging nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðist af því, hve stór hluti verðtryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna.

Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málgr. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

**6. gr.**

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

**7. gr.**

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

**8. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**Ed.**

**3. Frumvarp til laga**

**[3. mál]**

um breyting á lögum nr. 48 16. maí 1974 um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 3 flokkum á árunum 1974 og 1975 og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfa-flokks.

**2. gr.**

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, en draga ber um þá einu sinni á ári.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 48 16. maí 1974 skyldi ríkissjóður gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Skyldu bréfin

gefin út fyrir 15. maí 1974. Með þessari grein er lagt til, að gerðar verði breytingar á útgáfutíma bréfanna. Lög nr. 48/1974 voru ekki staðfest fyrr en 16. maí og ekki birt fyrr en 5. júní. Var því ókleift að gefa bréfin út fyrir 15. maí eins og lögín mæla fyrir um. Hér er lagt til, að heimilað verði að skipta bréfunum í allt að þrjá flokka og gefa þau út á lengra tímabili, ef í ljós kæmi, að auðveldara reyndist að selja bréfin á þann hátt en verið hefði, ef þau væru gefin út í einu lagi.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að fjármálaráðuneytið ákveði árlega fjárhæð vinninga í stað þess að binda þá við 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna. Er þessi breyting gerð til þess að unnt sé að hafa lánskjör bréfanna og vinningsmöguleika sambærileg við lánskjör og vinningsmöguleika happdrættisskuldabréfa vegna framkvæmda á Skeiðarársandi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Sp.**

**4. Nefndarálit**

[1. mál]

um tillögu til þingsályktunar um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

Frá landgræðslu- og gróðurverndarnefnd.

Nefndin hefur á fundi í dag fjallað um tillögu til þingsályktunar um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun. Telur hún vel við eiga að minnast 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu með því, að Alþingi taki í umboði þjóðarinnar ákvörðun um, að varið skuli ríflegu fjárframlagi á næstu fimm árum til að græða upp landið og vernda gróður þess. Nefndin er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 25. júlí 1974.

Gunnar Thoroddsen,  
form., frsm.

Þórarinn Þórarinsson,  
fundaskr.

Ragnar Arnalds.

Benedikt Gröndal.

Magnús T. Ólafsson.

**Nd.**

**5. Frumvarp til laga**

[4. mál]

um breyting á orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram, skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði, en óvissa ríkir um.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hverri og annau náttúrulega jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hættu af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

## 2. gr.

### 10. gr. orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins, að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna, sem renni í Orkusjóð.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.

Nú æskir sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga eftir vinnsluleyfi vegna hitaveitufrankvæmda á háhitasvæði í eigu ríkisins, og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt uppdráttum og öðrum þeim upplýsingum um fyrirhugað jarðhitaver, sem ráðherra krefst. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþingi til meðferðar.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans, nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar, ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós, að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum eða öðrum náttúrulegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir, ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði, sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 3. mgr.

## 3. gr.

15. gr. orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

## 4. gr.

Upphaf 16. gr. orðist svo:

Nú er jarðhiti á lág hitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á há hitasvæði, ...

## 5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um, hvort borstaður er á há hitasvæði eða ekki.

## 6. gr.

Á eftir staflað d. í 1. mgr. 68. gr. komi ný setning, svo hljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 10. gr.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis var lagt fyrir síðasta Alþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið er nú flutt að nýju óbreytt að öðru leyti en því, að inn í það hafa verið felldar breytingar, sem Gils Guðmundsson alþm. og meiri hluti iðnaðarnefndar síðasta Alþingis lögðu til að gerðar yrðu á því. Athugasemdir við frumvarpið hafa verið leiðréttar með hliðsjón af og til samræmis við þessar breytingar.

## I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á há hitasvæðum eða lág hitasvæðum.

Allur jarðhiti á lág hitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði há hitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á há hitasvæðum er í almannaeygn og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á há hitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á há hitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á há hitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu há hita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Sveitarfélög, sem eignast hafa land á há hitasvæði við gildistöku laganna, skulu hafa forgangsrétt til nýtingar há hitans á því landi í fimm ár og vera undanþegin gjaldi fyrir vinnsluna, ef þau sækja um vinnsluleyfi á forgangsréttartímabilinu.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk, að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður best hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið, að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki eru í íslenskum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeiganda niður á við, en talið hefur verið, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignarréttur, bls. 46.)

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri, sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru. Skv. lögnum er landeiganda rétt að hagnýta sér hverri og laugar, eins og honum þykir best henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögnum, að ef landamerki liggja um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða lofsins eða laugarvatns liggja svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verði aðskilið, þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögnum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera eða laugarvatns.

Í lögnum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- og afnotarétt á jarðhita á landareign sinni með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, l. nr. 38 frá 1940, l. nr. 101 frá 1940, l. nr. 114 frá 1943 um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, l. nr. 40 frá 1948, 47. gr. l. nr. 102 frá 1962, l. nr. 36 frá 1961, l. nr. 55 frá 1961, l. nr. 28 frá 1963 og l. nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Línadal með nefndinni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frumvarpsins fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson „Um eignar- og umráðarétt jarðhita“.

Í frumvarpi þessu var svo hljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar.“

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né hinu næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, III. kafla, voru l. nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. l. nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunar-



rétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir, að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi þannig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar, bæði á þann hátt að ákveða, að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum og í jarðhitalöndum eins og Nýja Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita, sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgísku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer i Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ítarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til, að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.


Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er, að það er þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram til þessa.


Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Þekkt og líkleg háhita



Þi á Íslandi



orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði, sem þarf til viðtækra rannsókna á háhitasvæðum, til borunar og vinnslu jarðhitans.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar, er ekki við því að búast, að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur og að verða einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum, sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeiganda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti, sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, bera honum fullar bætur fyrir.

## II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt, að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglandi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í fimm háhitasvæði hefur fundist yfir 200° C hiti á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til, að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.

Nýtanlegt varmaafll háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaaflls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV—NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið, að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Svartsengi, Krisuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):

Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40° C).

Mýrdalsjökull (undir jökli, íblöndunar jarðhitavatns verður vart í ám).

Tindafjallajökull (einungis laugar um 50° C).

Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).

Nauthagi (einungis laugar allt að 68° C).

Kaldakvísl (einungis laugar og hverir, minna en 100° C).

Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborði).

Auk þess er líklegt, að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarð-

fræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhótt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hverir og laugar á háhitasvæðunum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn, sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt renniskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufubrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vand- aðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanfórnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verði óvissa um umráðarétt á jarðhita, sem unnin er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

Um 1. mgr. Í grein þessari er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði, sem víst er, að eru háhitasvæði. Þau jarðhitasvæði, sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.

Um 2. mgr. Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgrein, tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð. Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar og er því eðlilegt, að þau séu látin fylgja með jarðhitunum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

Um 3. mgr. Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið, að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjanes, Svartsengis, Krisuvíkur, Hengils, Námafjalls, Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að mestu lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því, sem fé er veitt til.

Um 4. og 5. mgr. Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum, og heldur ekki réttur til hvera og annars náttúrulegs jarðhita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

##### Um 2. gr.

Um 1. mgr. Meginstefna þessa ákvæðis er, að Alþingi ákveði með löggjöf, hvernig skipa skal hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, timalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli

leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framsetja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfisskafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa og gegn spjöllum á umhverfi svo og önnur skilyrði, sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það, sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu, sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Þess eru dæmi, að sveitarfélög eigi land á háhitasvæðum og hafi látið framkvæma rannsóknir á þeim með vinnslu fyrir augum eða byrjað vinnslu á háhitasvæðum og má vænta þess, að þau verði látin njóta þess, er ákvarðanir verða teknar um nýtingu háhitasvæða og við ákvörðun gjalds.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða, sem setja skal í leyfi.

Grundvallarsjónarmið við nýtingu háhitasvæða er, að aðeins einn aðili hafi á hendi vinnslu varmans á hverju svæði. Leyfi Alþingis þarf til slíkrar vinnslu. Hvert háhitasvæði er sérstakt rennislíkerfi og vinnsla á einum stað hefur meiri og minni áhrif á kerfið í heild. Árekstrarhættu væri boðið heim með því að leyfa fleiri óháðum aðilum að vinna varma úr sama háhitasvæðinu. Þó er gert ráð fyrir, að ábúendur og aðrir, sem búa í nágrenni háhitasvæða, kunni að óska eftir leyfi til borunar vegna minni háttar nýtingar og getur ráðherra veitt slíkt leyfi. Þessi minni háttar nýting mun ekki hafa áhrif á jarðhitasvæðin, en líklegt er, að stórfelld varmavinnsla á svæðinu gæti valdið truflun á henni. Leyfi til minni háttar nýtingar yrðu því að vera háð því skilyrði, að hún víki, ef hagsmunir hennar og meginnýtingar svæðisins fara ekki saman. Hámarksrennslí, sem minni háttar nýting mætti draga úr svæðinu á hverjum stað, er 50 kg/sek., en það er svipað rennslí og búast mætti mest við úr einni borholu.

Eðlilegt er, að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs, sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundradshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola, sem notaðar eru til vinnslu varmans.

Um 2. mgr. Með ákvæði þessu er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu fimmtán árin eftir gildistöku laganna. Ákvæði þetta hefur í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en fimmtán ár eru liðin frá gildistöku laganna og fram er komið hversu víðtæks vinnsluleyfis sveitarfélag óskar, en með ákvæði þessu er komið til móts við þau sveitarfélög, sem keypt hafa land á háhitasvæði með nýtingu háhitans í huga. Þá er sveitarfélögunum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verður ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu, sem þau ákveða og sækja um á næstu fimmtán árum eftir gildistöku laganna. Ekki þykir fært að veita sveitarfélögum ótakmarkaða undanþágu frá lögum eða ótímabundinn forgangsrétt til vinnsluleyfis, þar eð slíkt mundi leiða til þess, að sá hluti háhitasvæðis, sem ekki er í eigu sveitarfélags, verður ekki skipulagður til hlítar vegna óvissu um framtíðaraðgerðir sveitarfélags.

Um 3. mgr. Upplýsingar, sem ráðherra þarf að krefjast, eru m. a., að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja, að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað, að Orkustofnun geti fylgst með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

Um 4. mgr. Gert er ráð fyrir því, að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

Um 5. mgr. Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- og sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði, með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlun og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhóla en frá árinu 1965.

Um 6. mgr. Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveru eða annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði. svo og þeir, sem byrjað hafa vinnslu jarðhita á háhitasvæði.

Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heita grunnvatnsins. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs, svo að hverir þorna, eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði, sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufustreymi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi, þar sem minni varmi berst að neðan.

#### Um 3. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um, að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknnum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsókna að henni lokinni.

#### Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði og komi fullt endurgjald fyrir.

#### Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að Orkustofnun geti fylgst með öllum borunum á meira dýpi en 100 metra. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynri borholum kemur helst til greina, þegar borað er rétt við hveru í þeim tilgangi að auðvelda beislun þess vatns, sem í hverunum er.

#### Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr., að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð, er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.

#### Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

**Nd.****6. Frumvarp til laga**

[5. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem ekki endurselur raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins skv. nánari ákvörðun stjórnar Orkusjóðs og ráðherra orkumála.

**2. gr.**

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi raforku.

Raforka undanþegin söluskatti með heimild í 20. gr. laga nr. 10/1960, er verðjöfnunargjaldskyld.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

**3. gr.**

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. gr. 1. mgr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla skuldfærða raforkusölu síðasta mánuð.

**4. gr.**

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

**5. gr.**

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

**6. gr.**

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda Orkusjóði uppgjör og skilagrein mánaðarlega.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

**7. gr.**

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar hf. og Íslenska Álfélagsins hf.

**8. gr.**

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

**9. gr.**

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.



## 10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

## 11. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

## 12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánnum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973 að fjárhæð 147 millj. kr.

Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands, sem veitt var ríkissjóði í nafni Rafmagnsveitna ríkisins árið 1973, að fjárhæð 130 millj. kr.

Heimildir þessar ná einnig til gjaldfallinna vaxta af lánunum.

## 13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að þau lán Orkusjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins, sem breytt var í vaxta- og afborgunarlaus lán skv. heimild í 2. gr. laga nr. 96/1965, skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

## 14. gr.

Ráðherra, er fer með raforkumál, skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenskra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

## 15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og lög nr. 17/1970 um breyting á þeim lögum.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara, fyrir tímabil, sem hefst fyrir gildistöku laganna, en lýkur eftir gildistöku þeirra, skal reikna verðjöfnunargjaldið af raforkuverði í réttu hlutfalli við dagafjölda eftir gildistöku laganna af heildardagafjölda reikningstímabilsins.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Hinn 5. október 1973 skipaði iðnaðarráðuneytið Hörð Sigurðsson, deildarstjóra, Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóra, og Bjarna Braga Jónsson, forstöðumann, í nefnd til að kanna fjárhagsörðugleika Rafmagnsveitna ríkisins og gera tillögur til úrbóta, og var Bjarni Bragi Jónsson skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði hinn 21. janúar 1974 ítarlegri skýrslu um viðfangsefnið og tillögum sínum.

#### TILLÖGUR NEFNDARINNAR til úrbóta eru svo hljóðandi:

„1.1. Jöfnun áorðins halla 1972 og 1973.

Til þess að jafna áorðinn rekstrarhalla 1972 og 1973, ásamt fjárvöntun framkvæmda og skort á rekstrarfé vegna aukinna útistandandi tekna, alls að fjárhæð 294 millj. kr., verði leitað eftirfarandi lausna:

1. Athugað sé, hvort fært sé að gefa eftir tollalán og önnur bráðabirgðalán ríkissjóðs, allt að fjárhæð 282 millj. kr., sbr. fordæmi í lögum nr. 96, 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

2. Að því marki, sem það sé ekki fært, verði veitt langt lán með venjulegum kjörum fjárfestingarlána, til jöfnunar hallans upp í fulla fjárhæð 294 millj. kr.

1.2. Jöfnun rekstrarhalla 1974 og framvegis.

Til þess að mæta óhjákvæmilegri tekjuþörf umfram færar verðhækkningar á eigin orkusölu Rarík, verði verðjöfnunargjaldi raforku breytt í form hlutfallsálagningar á smásöluveltu eða samsvarandi heildsölu, þar sem smásölustig er ekki fyrir hendi. Verði álagshlutfallið þá annað tveggja:

1. Jafnframt eftirgjöf skulda, sem um ræðir 1. tl. kafla 1.1. verði verðjöfnunargjaldið 13% af ofangreindum gjaldstofni.

2. Án slíkrar eftirgjafar verði verðjöfnunargjaldið 15% af gjaldstofninum. Verði um takmarkaða eftirgjöf að ræða, verði verðjöfnunargjaldið ákveðið í hlutfallslegu samræmi við það innan ofangreindra marka.

Þessi tillögukafli er háður þeirri forsendu, að hæfilegt gjald verði lagt á hitaveitur til að greiða fyrir örari nýtingu jarðhita til húshitunar.

1.3. Ráðstafanir til að mæta kostnaðarhækkunum framvegis.

Umfram þá ráðstöfun að láta verðjöfnunargjaldið framvegis fylgja raforkusölu, er lagt til, að reynt verði að fylgja eftirfarandi reglum:

1. Verðbreytingar orkunnar verði gerðar jafnhraðan og kostnaðarbreytingar eru á orðnar eða fyrirsjáanlegar. Verði eigi að síður nokkur töf á, að auknar tekjur mæti útgjöldum í greiðsluskilningi, verði bætt álagi á verðbreytingum til að vinna þann áhalla upp á einu ári.

2. Verðhækkun framkvæmda hvers árs verði gerð upp eða áætluð og bætt við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun eftirfarandi árs, meðan hún er til fjárlagaafgreiðslu.

1.4. Fjármögnunarkjör.

Eftir því, sem kostur er, verði forðast að fjármagna framkvæmdir Rarík með visitöluþryggðum spariskírteinalánum, heldur reynt að láta þær hafa sem mestan forgang um löng og hagstæð lán, sbr. álit Rarík-nefndar 1969, kafla 7.2. Stutt tækja-kaupalán verði endurfjármögnuð að hluta, þegar greiðslur þeirra falla til.“

SKÝRSLA NEFNDARINNAR fjallar um helstu orsakir fjárhagsvandans, tölulegt mat fjárhagsvandans og leiðir til tekjuöflunar. Í skýrslu nefndarinnar segir m. a. í kafla um almennt og sérstakt misræmi tekna og kostnaðar:

„Orkuverðið varðar lífskjör í dreifðum byggðum og þar með afstöðu til aðstöðujöfnunar og jafnvægis í byggð landsins. Af þessu stafar tregða á að láta orkuverðið endurspegla að fullu framleiðslu- og dreifingarkostnað orkunnar.

Að því leyti sem löggjafinn sættir sig ekki við, að verð endurspegli kostnað, hlýtur hann að leggja til framlag, svo sem gert er í mynd verðjöfnunargjaldsins. Það var fyrst ákveðið árið 1965 sem 35 m.kr. á ári og síðan tvöfaldað 1969, í 70 m.kr. á ári, en í báðum tilvikum ákveðið sem föst fjárhæð, óhagganleg fyrir verðlagsbreytinguna eða öðrum tilefnum. Þetta fyrirkomulag mun annars vegar hafa borið með sér neitun löggjafans á að viðurkenna óhjákvæmilegt framhald verðbólgu, en hins vegar kann að hafa falist í því von um, að Rafmagnsveiturnar efldust með auknu rekstrarumfangi til að standa meir á eigin fótum. Hvorugt hefur verið staðfest af reynslunni, svo sem nánar mun vikið að í sambandi við athugun úrræða, þannig að verulegt skarð hefur myndast í raunverulegar verðjöfnunartekjur.

Skipulagsbygging Rarik gerir í sjálfu sér tregt um að ná samræmi tekna og kostnaðar. Orkuveitusvæðin búa yfir mjög mismunandi framleiðslu- og dreifingarskilyrðum orkunnar, væntanlega meiri en verðjöfnunargjaldið fær sléttað yfir. Tilraunir til svæðismunar í gjaldskrá heilðsölu hafa reynst stöðugur ásteytingarsteinn. Á hinn bóginn er tæpast þolað, að notendur á hagstæðari svæðunum greiði mun meira en svarar kostnaði þar eða er sambærilegt við orkukostnað innan annarra orkukerfa á sömu svæðum.

Þessi mótsögn getur leitt til þess, að örðugt sé að ná einu verði á landsmælikvarða, er nægi fyrir fullum kostnaði.“

Þá vekur nefndin athygli á því, að með hækkunum rekstrarkostnaðar, og þá sérstaklega oliuverðhækkuninni, hefur aðstöðumunur Rafmagnsveitum ríkisins í óhag aukist stórlega á kostnaðarmælikvarða, en sá munur felst einna helst í mikilli dísilorkuvinnslu á afmörkuðum svæðum með óhagstæða orkuöflunarkosti, sem verða að gerast í tiltölulega stórum stökkum.

Um áorðinn greiðsluhalla segir í skýrslunni, að fjárvöntun, sem myndast hefur árin 1972 og 1973, sé nú talinn 294 m.kr., sem sundurliðast í aðaldráttum þannig í millj. kr.:

	1972	1973	Alls
Greiðsluhalli rekstrar .....	3	123	126
Fjárvöntun framkvæmda .....	59	74	133
	62	197	259
Aukning útistandandi skulda o. fl. ....			35
Alls			294

Þá segir, að rekstrarhalli 1973 hafi að öðru leyttinu stafað af almennum hækkunum flestra rekstrarliða, en að hinu leyttinu af því, að orkuverð hafi verið hækkað treglega og verðjöfnunargjaldstekjur hafi enn ekki verið látnar hækka. Um verðjöfnunargjaldið segir:

„Verðjöfnunargjaldið var ákveðið með lögum árið 1965 sem 35 m.kr. árleg upphæð, en var á síðari hluta 1969 tvöfaldað upp í 70 m.kr. á ári. Álagning þess er miðuð við bæði afl- og orkustærðir í heilðsölu og þannig ákveðin fyrir hvert ár í senn, að það eigi að gefa 70 m.kr. af áætlaðri heilðsölu. Innheimta ársins 1971 komst þó upp í 74.4 m.kr.

Miðað við þennan verðmætisgrundvöll nam innheimta verðjöfnunargjaldsins 7.5% árið 1966 og 7.2% 1971, en frá þeim árum hefur hlutfallið farið lækkandi og var 5.1% 1968 og 4.6% 1973. Fyrri verðjöfnunargjaldið gildi fyrri hluta 1969, en miðað við veltu ársins í heild hefur það numið 4.3%, en síðara verðjöfnunargjaldið hins vegar 8.6% á sama mælikvarða. Að óbreyttri upphæð má áætla það 3.1% árið 1974.

Af þessu má draga þá ályktun, að frá setningu verðjöfnunargjaldsins 1965 eða endurskoðun þess 1969 hafi dregið úr raunverulegu gildi þess til verðjöfnunar um meira en helming. Að sama skapi hefur dregið úr þeirri hlutfallslegu byrði, sem það er raforkunotendum. Hækkun þess upp í 7—8% af umræddum stofni mundi út frá þessu viðhorfi nánast vera endurtekning á fyrri reynslu og leiðrétting í það horf, sem fyrst var tilætlun löggjafans.

Verðjöfnunargjaldið hefur tapað gildi sínu ört af völdum verðbólgunnar. Á hinn bóginn er engin ástæða til að ætla, að sá aðstöðumunur, sem því er ætlað að jafna, sé svo skammær, að úr honum dragi í takt við verðbólguna.

Rýrnun raunverulegra tekna af völdum þessa er veigamikil ástæða fyrir endurteknum fjárhagsvandkvæðum Rarik.

Reiknað hefur verið út á grundvelli töflu Orkustofnunar, hverju munaði ef verðjöfnunargjald hefði jafnan numið 7.5% af sölu, svo sem var fyrsta árið. Hefðu tekjur tímabilsins orðið við það hærri sem nemur 124.5 m.kr. Af þessari reynslu er sprottin sú hugmynd að láta verðjöfnunargjaldið framvegis fylgja söluverðmæti, og er þá söluskattstofn smásölu einna handhægust viðmiðun, enda tilgangurinn að jafna verð til endanlegra smásölukaupenda.

Til þess að breyta álagningu verðjöfnunargjaldsins í þetta form þarf að bæta fjárhæð þess í fyrri formi við fjárvöntunina, áður en fundið sé það hlutfall álagningar, sem nægir.

Sé miðað annars vegar við þann halla, sem fram kemur í rekstraráætlun 1974 (Tilvik 1), en hins vegar sama halla að frádregnum greiðslum af hugsanlegu lengingarláni, kemur nauðsynleg hæð verðjöfnunargjaldsins fram af eftirfarandi yfirliti:

	Í millj. kr.	
	Tilvik 1	Tilvik 2
Greiðsluhalli rekstrar .....	272	232
Núgildandi verðjöfnunargjald lagt niður .....	70	70
Alls til jöfnunar í nýju formi .....	342	302
Áætlaður gjaldstofn .....	2 250	2 250
Nauðsynlegt verðjöfnunargjald .....	15,2%	13,4%

Það virðist þolanlegt frávik eða afsláttur að slétta álagshlutföllin niður í 15% eða 13% en um það munar 5 eða 10 m.kr. Hærra tilvikið, 15%, virkar mjög hátt, eða um tvöfalt hærra en áður hefur verið að stefnt með löggjöf. Mælir það sterkllega með athugun á því, hvort ekki megi jafna áorðinn halla með öðrum hætti, svo að hallast megi að lægri tilvikinu, 13%. Með hliðsjón af stóru auknum kostnaði hins raunverulega aðstöðumunar, sem fyrir hendi er, má e. t. v. telja það álagningarhlutfall þolanlegt, sé ekki öðrum úrræðum til að dreifa.

Hækkun raforkuverðs af völdum þessarar breytingar verður ekki svo há, sem svarar álagshlutföllum, heldur dregst fyrri verðjöfnunargjald frá, svarandi til 3.1% af smásöluveltú ásamt sölu til Kísiliðju og varnarliðs, svo að hækkunin ætti að nema tæpum 12% eða 10%. Í þessu sambandi kæmi hins vegar til greina að endurskoða heildsöluverð raforku, þyki það þá almennt of lágt, svo sem þegar er að vikið, að því er varðar heildsölu Rarik.“

Í frumvarpi þessu er lagt til, að ráðin verði bót á fjárhagsörðugleikum Rafmagnsveitna ríkisins í samræmi við tillögur nefndarinnar á þann hátt, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita eftirgjöf á lánum samtals að fjárhæð 277 millj. kr. og með því að leggja verðjöfnunargjald á raforkuna á síðasta stigi viðskipta, sem nemur 13% á sama gjaldstofn og söluskattur er lagður á. Áætlaður gjaldstofn árið 1974 er 2 250 millj. kr.

Rekstraráætlun tímabilsins 1974—1980, gerð 17. janúar 1974, miðuð við óbreytt verðjöfnunargjald, fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal I. Þá fylgir frumvarpinu áætlun Orkustofnunar, dags. 18. des. 1973, um sölu raforku 1973—1974 sem fylgiskjal II.

## Rafmagnsveitur ríkisins.— 17.01.74.

## REKSTRARÁÆTLANIR 1974—1980.

Upphæðir í Mkr.	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
<b>GJÖLD</b> .....	<b>1 212</b>	<b>1 268</b>	<b>1 206</b>	<b>1 300</b>	<b>1 404</b>	<b>1 511</b>	<b>1 617</b>
Laun og launatengd gjöld .....	133	139	145	152	159	166	174
Annar kostnaður .....	135	141	147	154	161	168	176
Ólía .....	284	217	35	60	88	128	166
Orkukaup .....	320	350	429	467	508	550	591
Vextir og afborganir .....	340	421	450	467	488	499	510
<b>TEKJUR</b> .....	<b>940</b>	<b>1 011</b>	<b>1 082</b>	<b>1 159</b>	<b>1 236</b>	<b>1 313</b>	<b>1 399</b>
Heildsala .....	279	292	306	320	328	336	352
Smásala .....	611	669	726	789	858	927	997
÷ Verðjöfnunargjald .....	÷ 30	÷ 30	÷ 30	÷ 30	÷ 30	÷ 30	÷ 30
Verðjöfnunargjald .....	70	70	70	70	70	70	70
Aðrar tekjur .....	10	10	10	10	10	10	10
<b>HALLI</b> .....	<b>272</b>	<b>257</b>	<b>124</b>	<b>141</b>	<b>168</b>	<b>198</b>	<b>218</b>

## Orkustofnun 18.12.73.

ÁÆTLUÐ SALA RAFORKU 1973—1974.  
(með 13% sölusk. og viðlagasjóðsgjaldi).

Nr. Notkun	1972			1973		1974	
	GWh	Mkr.	aur/kWh	GWh	Mkr.	GWh	Mkr.
1.1 Heimilisnotkun .....	173,0	538,7	311	185	662	198	885
2 Húshitun .....	106,3	77,0	72	114	95	123	128
3 Búrekstur .....	35,1	46,7	133	43	66	59	112
4 Lýsing fyrirtækja .....	58,4	270,5	463	62	330	66	440
5 Smáiðja .....	22,7	86,9	383	24	106	26	144
6 Sementsverksmiðjan .....	13,2	14,7	111	13	17	13	20
7 Stóriðja, önnur .....	149,6	297,2	199	167	382	176	503
8 Götulýsing .....	16,1	49,6	308	17	60	18	79
9 Önnur notkun .....	24,2	76,7	317	25	91	26	118
<b>Alls smásala</b>	<b>598,6</b>	<b>1 458,0</b>	<b>244</b>	<b>650</b>	<b>1 809</b>	<b>705</b>	<b>2 429</b>
2.1 Álverksmiðjan .....	770,6	208,0	27	1 171	316	1 190	321
2 Áburðarverksmiðjan .....	127,6	33,6	26	140	36	145	38
3 Kísliðjan .....	9,7	9,5	98	10	14	10	14
4 Keflavíkurfugvöllur .....	54,6	55,1	101	60	85	60	85
5 Hvanneyri .....	1,4	0,9	64	1	2	2	2
<b>Alls stórsala</b>	<b>963,9</b>	<b>307,1</b>	<b>32</b>	<b>1 382</b>	<b>453</b>	<b>1 407</b>	<b>460</b>
<b>Sala alls</b>	<b>1 562,5</b>	<b>1 765,1</b>	<b>113</b>	<b>2 032</b>	<b>2 262</b>	<b>2 112</b>	<b>2 889</b>

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## Um 1. gr.

1. mgr. Lagt er til að verðjöfnunargjald verði nú lagt á alla raforku á síðasta stigi afhendingar. Þ. e. til notandans, en verðjöfnunargjald á raforku í heilidsölu verði fellt niður. Ákvæði þetta kemur í stað 4. og 5. gr. laga nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og laga nr. 17/1970 um breytingu á þeim lögum. Reglur um gjaldstofn og útreikning gjaldsins eru einfaldaðar frá því, sem var í fyrrgreindum lögum og tekjur af verðjöfnunargjaldi breytast í samræmi við breytingar á raforkuverði og magni seltrar raforku.

2. mgr. er efnislega eins og síðari hluti 1. mgr. 4. gr. laga nr. 96/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 17/1970. Um Orkusjóð og stjórn hans, Orkuráð, eru ákvæði í X. kafla Orkulaga nr. 58/1967.

## Um 2. gr.

1—3 mgr. Lagt er til, að verðjöfnunargjaldið verði lagt á sama gjaldstofn og söluskattur er lagður á skv. gildandi söluskattslögum. Til að taka af allan vafa er tekið fram, að undanþágur frá söluskatti á raforku, sem veittar hafa verið eða kunna að verða veittar með heimild í 20. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, undanþiggja ekki jafnframt raforkuna frá verðjöfnunargjaldi. Ein slík söluskattsundanþága er nú í gildi, en með bréfi fjármálaráðherra, dags. 10. mars 1972, var raforkusala til húshitunar undanþegin söluskatti. Þá er lagt til, að söluskattur verði ekki lagður á verðjöfnunargjaldið, heldur verði söluskattur og verðjöfnunargjald lagt á sama gjaldstofn.

4. mgr. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 96/1965.

## Um 3. gr.

Lagt er til, að sami álagningar- og innheimtuháttur verði hafður á og ákveðinn er í lögum og reglugerðum um söluskatt með þeim breytingum, sem leiðir af sér- eðli samnings um sölu á raforku. Gjald fyrir raforku er skuldfært og innheimt eftir að afhending og notkun hafa farið fram. Magn seltrar raforku er lesið af mælum hjá notandanum með vissu millibili. Gjald fyrir raforkuna er reiknað eftir magni og skv. gildandi gjaldskrá og notandinn skuldfærður fyrir gjaldinu og það innheimt hjá honum. Verðjöfnunargjaldið verður því ekki réttilega reiknað fyrir en eftir álestur mæla og útreikning söluverðs. Um leið og útreikningi er lokið er notandinn skuldfærður og við það tímamark er verðjöfnunargjaldskyldan miðuð. Innheimta gjaldsins dreifist yfirleitt jafnt yfir árið.

## Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er tekið mið af gildandi reglum um skil á söluskattsskýrslum um greiðslu.

## Um 5. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi ákvæði um viðurlög við vanskilum opinberra gjalda og svarar til 9. gr. laga nr. 96/1965.

## Um 6. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til, að komið verði á fastri skipan um samskipti innheimtumanna og Orkusjóðs um uppgjör innheimts verðjöfnunargjalds.

## Um 7. gr.

Í grein þessari eru tæmandi taldir þeir notendur, sem undanþegnir eru verðjöfnunargjaldi. Áburðarverksmiðjan hf. er undanþegin verðjöfnunargjaldi skv. 6. gr. laga nr. 96/1965, en óheimilt er að leggja verðjöfnunargjaldið á Íslenzka Álfélagið hf. skv. samningi, sem veitt hefur verið lagagildi.

## Um 8. gr.

Lagt er til, að ágreining um gjaldskyldu- og gjaldstofn megi leggja fyrir ráðherra sem æðsta stjórnvald.

Ákveðin er sérstök fyrning málshöfðunarheimildar fyrir almennum dómstólum.

## Um 9. gr.

Ráðherra er veitt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð. Ekki þykir ástæða til að taka fram, að farið skuli eftir lögum og reglugerðum um söluskatt um álagningu og innheimtu gjaldsins, en augljóst er hagræði af því, að þessi atriði lúti sömu reglum í framkvæmd.

## Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Um 12. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður fái heimild til að veita eftirgjöf og greiða fyrir Rafmagnsveitur ríkisins skuldir að fjárhæð samtals 277 millj. kr.

## Um 13. gr.

Í 2. gr. laga nr. 96/1965 var ríkisstjórninni heimilað að breyta vissum lánum Raforkusjóðs (nú Orkusjóður) til Rafmagnsveitna ríkisins í vaxta- og afborgunarlausa lán fyrst um sinn og ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telji Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

Heimildin til að breyta lánum þessum, sem nema kr. 98 688 176.00, í vaxta- og afborgunarlausa lán var notuð og er lagt til, að heimild ríkisstjórnarinnar til að ákveða síðar, að lán þessi skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir, skuli haldast.

## Um 14. gr.

Grein þessi er óbreytt 6. gr. laga nr. 17/1970 um breytingu á lögum nr. 96/1965.

## Um 15. gr.

Lagt er til, að lög nr. 96/1965 með síðari breytingum í lögum nr. 17/1970 verði úr gildi felld, enda hafa þau ákvæði laganna, sem enn skipta máli, verið tekin í frumvarp þetta.

## Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem sölutímabili í hinum einstöku samningum seljenda og notenda raforku lýkur ekki á sama tíma, heldur dreifist yfir langan tíma og milli aflestra á mæla og innheimtu liður nokkur tími, er óhjákvæmilegt að hafa ákvæði til bráðabirgða, þar sem kveðið er á um hvernig reikna skuli verðjöfnunargjald á raforku, sem seld er á tímabili, sem fellur beggja megin við gildistöku dag laganna. Lagt er til, að við útreikning á seldri raforku frá gildistöku dag laganna til álestursdags, sé lagt til grundvallar, að orkunotkun sé jöfn allt tímabilið og verðjöfnunargjaldið reiknað í réttu hlutfalli við dagfjöldann frá gildistöku laganna til álestursdags af heildardagafjöldanum. Engin önnur aðferð leiðir til sanngjarnari niðurstöðu.

**Sp. 7. Þingsályktun [1. mál]**

um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

(Afgreidd frá Sp. 28. júlí.)

Samhljóða þskj. 1.

**Nd. 8. Nefndarálit [2. mál]**

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og kvatt til viðtals hagstofustjóra og forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, en frumvarpið er um staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 21. maí 1974.

Nefndin telur nauðsynlegt, miðað við núverandi ástand, að framlengja ákvæði bráðabirgðalaganna frá 21. maí 1974 til 30. september næstkomandi. Hún leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem þar að lúta og bornar eru fram á sérstöku þingskjali. Tveir nefndarmenn rita undir álitnið með fyrirvara.

Alþingi, 19. ágúst 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Karl G. Sigurbergsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þórarinn Þórarinsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Gunnar Thoroddsen. Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason.

**Nd. 9. Frumvarp til laga [6. mál]**

um fjáröflun til vegagerðar.

Frá fjármálaráðherra.

**1. gr.**

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni, er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 1. september 1974 nema kr. 17.00 af hverjum lítra.

**2. gr.**

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

**3. gr.**

Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

**4. gr.**

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni, er miðist við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð



setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensíni, er sönnur eru færðar á, að hafi ekki verið notað eða verið ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

#### 5. gr.

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1975 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

- a) Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga eða léttari greiðast kr. 45 000.
- b) Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 45 000 og auk þess kr. 1 550 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

#### 6. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá, hvað skattinn snertir, telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

#### 7. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að öikumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við bifreiðar af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt skv. öikumælum, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun og viðgerðir. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um áætlun á þungaskatti, sé öikumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma og heimilað á sama hátt, að bifreið sé tekin úr umferð, sé mælir ekki settur í hana á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreiðina til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiðdur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfishifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ákveða má í reglugerð, að öikumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd). Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga, innheimtu og áætlun þungaskatts. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð, að heimilt sé að taka festi- og tengivagna úr umferð, sé mælir ekki settur í þá á tilskildum tíma eða ekki komið með þá til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt öikumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker ráðherra úr.

Sé öikumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 8. gr.

Bensíngjald og þungaskattur sá, sem tilgreindur er í lögum þessum, eða ákveðinn verður með reglugerð, sbr. ákv. 1. og 4. mgr. 7. gr., skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957. Grunntaxtar bensíngjalds og þungaskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. júlí 1974, þ. e. 1290 stig.

#### 9. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a- og b-lið 5. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákv. 2. mgr. 7. gr. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttu tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

#### 10. gr.

Innheimtu bensíngjalds, gúmmígjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

#### 11. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur, sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning, umskráning og skráning eigendaskipta bifreiðar skal ekki fara fram, nema þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags, sé um að ræða þungaskatt samkv. öikumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur hefur lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

## 12. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

## 13. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna, sem aflað verður skv. ákvæðum laga þessara, veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættis-skuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegjar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974, sbr. lög nr. 99/1971.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Af bifreiðum, sem nota bensín að eldsneyti, skal á árinu 1974 greiða þungaskatt kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra. Af bifhjólum skal greiða kr. 450.00 í þungaskatt á árinu 1974.
- II. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal á árinu 1974 í stað gjalds skv. 5. gr. þessara laga greiða þungaskatt sem hér segir:
  - a. Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.
  - b. Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 27 500 og auk þess kr. 950 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að hækka gjaldskrá fyrir þungaskatt þeirra bifreiða, er skv. reglugerð eiga að greiða þungaskatt skv. ökumæli, frá 1. október 1974 að telja.
- III. Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða, sem til eru í landinu 1. september 1974. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
 

Gjaldið skal greiða, hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 1. september 1974, skal greiða kr. 7.13 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meiru þann 1. september 1974, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir, óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 1. september 1974.

## Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er annars vegar að því stefnt að afla fjár til vegagerðar og hins vegar að fella niður 38 gjöld, sem lögð eru á notendur bifreiða.

Gerir frumvarpið ráð fyrir, að gjöld af bensíni hækki frá gildistöku laga þessara. Þá er gert ráð fyrir, að þungaskattur dísilbifreiða hækki þann 1. janúar n.k. Frá 1. janúar 1975 falli hins vegar margvíslegar álögur niður, sem til þessa hafa verið lagðar á bifreiðaeigendur. Hækkun gjaldanna er að hluta ætlað að mæta tekjumissi ríkissjóðs vegna fækkunar gjaldstofna. Fyrir Alþingi munu því verða lögð 4 frumvörp um nið-

urfellingu gjalda. Lagt er til, að í stað gjalda þessara verði eitt gjald lagt á notendur bensínknúinna ökutækja — bensíngjald — og annað á notendur dísilbifreiða — þunga-skattur.

Gjöld þau, sem lagt er til að niður verði felld, eru þessi:

Þungaskattur af bensínbifreiðum og bifhjólum, sbr. a- og c-lið 87. gr. laga nr. 80/1973.

Slysatryggingagjald ökumanns, sbr. c-lið 29. gr. og 36. gr. laga nr. 67/1971.

Skírteinagjöld, sbr. 2.—5. tl. 30. gr. laga nr. 104/1965.

- Gjald fyrir ökuskirteini bifreiðastjóra,
- — alþjóðlegt ökuskirteini,
- — bifreiðaskirteini alþjóðlegt,
- — skirteini til aksturs bifhjóls.

Skírteinagjöld, sbr. 28. gr. og 31. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 52. gr. rgl. nr. 57/1960, sbr. rgl. nr. 229/1965.

- Gjald fyrir leyfisbréf til ökukennslu,
- — skirteini til aksturs léttis bifhjóls,
- — leyfi til að stýra dráttarvél,
- — endurnýjun.

Skráningargjöld, sbr. 13.—20. tl. 32. gr. laga nr. 104/1965.

- Gjöld fyrir nýskráningu bifreiðar,
- — endurskráningu bifreiðar,
- — skrásetningu eigendaskipta að bifreið.
- — nýskráningu bifhjóls,
- — endurskráningu bifhjóls,
- — skráningu eigendaskipta að bifhjóli,
- — skráningu og umskráningu léttis bifhjóls.
- — skráningu dráttarvéla.

Gjöld fyrir skráningarmerki, sbr. 12. gr. laga nr. 40/1968, sbr. ráðuneytisbréf 9. október 1970.

- Gjald fyrir skráningarmerki á bifreið,
- — skráningarmerki á bifhjól,
- — skráningarmerki á létt bifhjól,
- — skráningarmerki á dráttarvélar,
- — S-merki,
- — L-merki,
- — CD-merki,
- — kennsluspjald.

Gjald fyrir bráðabirgðaskráningarmerki, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1968, sbr. rgl. nr. 112/1949.

Skoðunargjöld, sbr. 22. gr. laga nr. 40/1969, sbr. reglug. nr. 171/1969 og rgl. nr. 98/1970.

- Skoðunargjald bifreiðar,
- bifhjóls,
- léttis bifhjóls.

Prófgjöld, sbr. 33. gr. l. nr. 40/1968, sbr. 52. gr. reglug. nr. 57/1960, sbr. rgl. nr. 229/1965.

- Gjald fyrir almennt bifreiðastjórapróf,
- — bifhjólapróf,
- — próf á létt bifhjól,
- — dráttarvélapróf,
- — ökukennarapróf.

Kennslugjald fyrir meirapróf, sbr. 33. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 13. gr. rgl. nr. 57/1960.

Prófgjald fyrir próf á bifreið, er flytur fleiri en 16 farþega, sbr. 33. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 57/1960.

Við niðurfellingu framangreindra gjaldstofna er talið, að tekjur ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins skerðist um 150 milljónir króna. Af upphæð þessari hafa um 50 milljónir komið inn í ríkissjóð sem þungaskattur af bensínbílum og verið skv. ákvæðum vegalaga varið til vegagerðar. Í ár er áætlað, að um 72 milljónir króna renni til Tryggingastofnunar ríkisins sem tryggingaiðgjöld ökumanna og um 28 milljónir komi í ríkissjóð sem ómerktar tekjur.

Því fylgir mikið hagræði að losna við sérstaka innheimtu á gjöldum þeim, sem hér um ræðir. Við mat á álögum þeim, er hækkun bensíngjalds og þungaskatts hefur í för með sér, verður að hafa í huga, að nokkrum gjöldum hefur verið aflétt á móti, er hingað til hafa gefið ríkissjóði og Tryggingastofnun tekjur, en oft skapað gjaldendum mikið amstur.

Bensíngjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 er nú 9.87 kr. á hvern lítra. Að óbreyttu þessu gjaldi hefur verið áætlað, að tekjur til ráðstöfunar til vegagerðar gæfu 1 026 milljónir króna árið 1974. Með hliðsjón af þeim breytingum, sem 1. gr. frumvarps þessa felur í sér, er gert ráð fyrir, að ráðstöfunarfé til vegagerðar af bensíngjaldi verði 1 155 milljónir kr. árið 1974, miðað við óbreyttan skilafrest olufélaganna á innheimtu bensíngjaldi.

Áætlaðar tekjur, er koma til nota Vegagerðarinnar 1974 af þungaskatti, munu að óbreyttum lögum nema um 294 milljónum króna. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þungaskattur dísilbifreiða 1975 breytist í sama hlutfalli og skattur á hverjum lítra bensíns.

Skv. ákvæðum 3. greinar frumvarpsins skal verja tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti til vegagerðar. Við framlagningu frumvarps þessa mun Alþingi verða gerð grein fyrir fjárþörf og fjáröflun til vegamála árin 1974 og 1975.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í greininni er ákvarðað, hvaða bensín er gjaldskyld með því að geta tollskrárnúmers. Gjald af hverjum lítra bensíns hækkar úr 9.87 kr. í 17.00 kr. frá 1. september 1974.

##### Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 86. gr. laga nr. 80/1973. Á undanfórnum árum hafa síauknar kröfur verið gerðar til ástands hjólbarða, og eru góðir hjólbarðar mikilvægur liður til tryggingar öruggum akstri bifreiða. Þykja því eigi efni til að hækka gjald þetta frá því, sem nú er í lögum.

##### Um 3. gr.

Í greininni felast engin nýmæli.

##### Um 4. gr.

Í greininni felast engin nýmæli.

##### Um 5. gr.

Núgildandi þungaskattur er 27 500 kr. fyrir bifreið allt að 2000 kg. Skv. ákvæðum greinarinnar hækkar tala þessi í 45 000 kr. frá næstu áramótum. Er hér um hlutfallslega sömu hækkun að ræða og verður á bensíngjaldinu þó þannig, að tekið er tillit til þess, að þungaskattur af bensínbílum fellur niður frá næstu áramótum.

##### Um 6. gr.

Efni greinarinnar svarar til 12. greinar reglugerðar nr. 118/1973.

## Um 7. gr.

Efni greinarinnar svarar að mestu til ákvæða b-, d- og e-liða 87. gr. laga nr. 80/1973. Í greininni eru þó fyllri ákvæði um refsingar fyrir misnotkun ökumæla en í núgildandi lögum, og heimild er til áætlunar þungaskatts m. a. ef ökumælir er óvirkur. Þá er í greininni það nýmæli, að ráðherra er heimilað að ákveða með reglugerð, að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka annað hvort við tiltekna þyngd bifreiða (eigin þyngd eða leyfða heildarþyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Hér er því lagt til, að ráðherra geti ákveðið, að kílómetragjald skuli miðað við leyfða heildarþyngd bifreiða í stað eigin þyngdar, en margt bendir til þess, að sú viðmiðun sé sanngjarnari. Það mál er þó ekki að fullu kannað. Með því að heimila ráðherra að miða skyldu til að hafa ökumæli við tiltekin not bifreiða eru líkur á, að unnt sé að jafna að nokkru þann aðstöðumun, sem t. d. eigendur dísilknúinna leigubifreiða hafa fram yfir þá, er nota bensínknúna bifreiðar.

## Um 8. gr.

Greinin er nýmæli. Reynsla er á því fengin, að vegna verðlagsbreytinga í landinu hafa tekjur til vegagerðar, í krónutölu, aðeins um skamma hríð getað staðið undir þeim framkvæmdum við vegagerð, sem samþykktar hafa verið á vegáætlun. Bensíngjald var fyrst lagt á 1. janúar 1964 með lögum nr. 71/1963 og nam þá kr. 2.77. Bensíngjaldið hefur síðan verið hækkað 5 sinnum með lögum frá árunum 1965, 1968, 1969, 1970 og 1972.

Greinin felur í sér heimild til handa ráðherra að breyta bensíngjaldinu og þungaskattinum, þó með þeim takmörkunum, að hækkun gjaldanna verði ekki meiri en svarar til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar.

## Um 9. gr.

Greinin hefur að geyma sömu ákvæði og nú er að finna í 1. og 2. mgr. 91. gr. laga nr. 80/1973 með þeirri undantekningu, að lagt er til, að hin sérstæðu fyrningarákvæði, er finna má í 91. gr., verði felld niður. Óeðlilegt verður að telja, að endurgreiðsluréttur á ofgreiddum þungaskatti fyrnist á öðrum tíma en réttur til endurgreiðslu á sköttum almennt, og þá sérstaklega, þegar á það er litið, að þungaskatt af dísilbifreiðum, sem ekki hafa ökumæla, á að greiða að fullu fyrirfram.

Þá eru í grein þessari ákvæði, er svara til endurgreiðsluheimilda 88. gr. laga nr. 80/1973.

## Um 10. gr.

Efni greinarinnar gefur ekki tilefni til sérstakra skýringa.

## Um 11. gr.

Greinin er að efni til samhljóða ákv. 3.—6. mgr. 91. gr. laga nr. 80/1973. Tekið er þó sérstaklega fram í greininni, að þungaskatt, sem gjaldfallinn sé á skoðunardegi, skráningar- eða umskráningardegi, verði að greiða, áður en skoðun bifreiðar eða skráningu má framkvæma.

## Um 12. gr.

Greinin gefur ekki tilefni til athugasemda. Hliðstætt ákvæði er að finna í 95. gr. laga nr. 80/1973.

## Um 13. gr.

Fyrri málsgrein er hliðstæð ákv. 89. gr. laga nr. 80/1973.

Að undanfögnu hefur verið aflað fjár til framkvæmda á Skeiðarársandi með útgáfu happdrættisskuldabréfa. Þeim framkvæmdum mun ljúka nú í ár. Lagning vegar yfir Skeiðarársand er aðeins áfangi í gerð greiðfærs hringvegur um landið til hagsbóta fyrir alþjóð. Í 2. mgr. er bent á leið til fjármögnunar þeirra framkvæmda.

## Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

## Um ákvæði til bráðabirgða.

## I.

Þar sem lagt er til, að ákvæði 87. gr. a- og c-liðar vegalaga nr. 80/1973 verði felld úr gildi með frumvarpi til breytinga á vegalögum, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er nauðsynlegt að kveða á um þungaskatt af bensínþílum á árinu 1974 í frumvarpi þessu. Er ákvæðið óbreytt frá ákvæðum gildandi laga.

## II.

1. mgr. er samhljóða b-lið 87. gr. laga nr. 80/1973, og er vísað til athugasemda við ákvæði til bráðabirgða II.

Vegna kostnaðar og fyrirhafnar við álagningu og innheimtu sérstaks skattauka á þungaskatt annarra dísilbifreiða en þeirra, er greiða þungaskatt skv. öku-  
mæli, þykja eigi efni til að hækka þann þungaskatt fyrr en við upphaf næsta árs. Hins vegar er hér lagt til, að ráðherra verði heimilað að hækka þungaskatt skv. ökumælum fyrir síðasta ársfjórðung þessa árs, enda hefur sú hækkun ekki í för með sér neina framkvæmdaörðugleika eða aukakostnað fyrir ríkissjóð.

## III.

Ákvæði sem þessi hafa jafnan verið sett, þegar umtalsverðar breytingar á bensín-  
gjaldi hafa verið gerðar. Ákvæðin eiga sér hliðstæðu í 85. og 92. gr. laga nr. 80/1973.

**Nd. 10. Breytingartillögur [2. mál]**

við frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „31. ágúst“ í 1. mgr. komi: 30. september.
2. Við 2. gr. Fyrir „31. ágúst“ í 1. mgr. komi: 30. september.
3. Við 3. gr. Fyrir „31. ágúst“ komi: 30. september.
4. Við 4. gr. Fyrir „31. ágúst“ komi: 30. september.

**Nd. 11. Breytingartillaga [2. mál]**

við frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Magnúsi Kjartanssyni.

Við 1. gr. Við 2. málsg. bætist:

Sú hækkun á verði landbúnaðarvara, sem heimiluð verður á gildistíma laganna, skal greidd niður úr ríkissjóði.

**Nd. 12. Frumvarp til laga [2. mál]**

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. ágúst 1974.)

## 1. gr.

Fram til 30. september má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu sam-

þykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu, telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

#### 2. gr.

Verðlagsuppbót á laun skal haldast óbreytt fram til 30. september 1974, sú sem gildi tók 1. mars 1974 samkvæmt kjarasamningum.

Hagstofa Íslands skal upplýsa í opinberri greinargerð, hver kaupgreiðsluvísitala 1. júní 1974 hefði orðið miðað við óbreytt fyrirmæli kjarasamninga og laga um útreikning hennar, svo og miðað við það, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar á liðnum „eigin bifreið“ í framfærsluvísitölu, er orðið hefur á tímabilinu frá 1. nóvember 1973 til 1. maí 1974. Hafi niðurgreiðsla vöruverðs verið aukin fyrir 1. júní 1974 frá því, sem hún var í maíbyrjun 1974, skal og miða útreikning þennan við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni verðlækkun, er slík niðurgreiðsluaukning veldur.

#### 3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sbr. lög nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., skulu haldast til 30. september 1974 eins og þau voru ákveðin frá og með 1. mars 1974.

#### 4. gr.

Almennt fiskverð, annað en verð skarkola, humars og rækju, skal haldast til 30. september 1974 eins og það var ákveðið um síðast liðin áramót, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, enda tryggir ríkisstjórnin, að verð á brennsluolium til íslenskra fiskiskipa, er landa afla sínum og taka olíu hérlandis, haldist á meðan óbreytt eins og það var í nóvembermánuði 1973.

#### 5. gr.

Fjárfestingarlánasjóðir þeir, er fá til ráðstöfunar fjármagn af útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, er lífeyrissjóðir kaupa samkvæmt samningi eða af verðtryggðu spariskírteinafé, endurláni þetta fé með sambærilegum skilmálum. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að verðtrygging nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðast af því, hve stór hluti verðtryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna.

Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsg. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

#### 6. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.



## 7. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed. 13. Nefndarálit [2. mál]**

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt eins og frá því var gengið í neðri deild.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 21. ágúst 1974.

Geir Hallgrímsson, Jón G. Sólnes, Albert Guðmundsson.  
form., frsm. fundaskr.  
Halldór Ásgrímsson. Jón Helgason.

**Ed. 14. Nefndarálit [3. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 16. maí 1974, um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., og leggur meiri hluti nefndarinnar, GH, HÁ og JHelg, til, að frv. verði samþykkt óbreytt. JGS hefur fyrirvara um málið, og Albert Guðmundsson er andvígur frv. Fjarverandi voru Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 21. ágúst 1974.

Geir Hallgrímsson, Jón G. Sólnes, Halldór Ásgrímsson.  
form., frsm. fundaskr., með fyrirvara.  
Jón Helgason.

**Ed. 15. Breytingartillaga [2. mál]**

við frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 1. gr. Við 2. málsgr. bætist:

Sú hækkun á verði landbúnaðarvara, sem heimiluð verður á gildistíma laganna, skal greidd niður úr ríkissjóði.

Alpt. 1974. A. (95. löggjafarþing).

**Ed. 16. Lög [2. mál]**

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Afgreidd frá Ed. 22. ágúst.)

Samhljóða þskj. 12.

**Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]**

um sjónvarpsmál.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar samninga við yfirstjórn Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli um að fresta um óákveðinn tíma takmörkun á styrkleika útsendinga og breytingum á útsendingageislum sjónvarpsstöðvar Keflavíkurflugvallarins. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, hvaða möguleikar eru til staðar fyrir Ísland að komast í samband við útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva gegnum hið alþjóðlega fjarskiptakerfi TELSTAR, og þá um leið afla upplýsinga um kostnað við slíkt framtak.

**Greinargerð.**

Ég leyfi mér að flytja þessa þingsályktunartillögu, þar sem ég álit, að með samkomulagi fyrrverandi ríkisstjórnar um að takmarka útsendingu sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli sé verið að skerða hinn helga rétt einstaklingsins í lýðfrjálsu landi til valfrelsis um það sjónvarpsefni, sem í boði er hverju sinni.

Þingheimi og landsmönnum öllum er ljóst, að allan þann tíma, er umrædd sjónvarpsstöð hefur starfað, hefur fámennur hópur, sem þjóðin hefur valið nafnið „menningarvitarnir“, mótmælt starfsemi stöðvarinnar á þeim forsendum, að starfsemi hennar geti haft skaðleg áhrif á íslenskt menningarlíf og þá sér í lagi á mál-far okkar.

Mitt mat, og margra annarra, er það, að íslensk þjóð og íslensk menning sé það rótgróin og sterk, að hún þoli samskipti við aðrar frjálsar þjóðir og menningarsamskipti við hvaða þjóð sem er.

Enginn sjónvarpsnotandi er til þess neyddur að horfa á sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli, enda fá eða engin sjónvarpstæki flutt til landsins þannig hönnuð, að þessi stöð náist. Eigendur tækjanna verða því að láta fagmenn breyta þeim, til þess að mynd frá útsendingarstöðinni á Keflavíkurflugvelli komi á skerminn.

Kostnaður við slíkar breytingar sjónvarpstækja fólksins og sérstök loftnet til viðbótar er þó nokkur. Þar sem vitað er, að tugþúsundir Íslendinga hafa lagt í þann kostnað, hlýtur það að sýna, að fólkið velur sjálft þá kostnaðarsömu leið til valfrelsis og mótmælir afskiptum opinberra aðilja af högum sínum, fram yfir það, sem réttlætiskennd þess segir til um hverju sinni.

Ég tel, að hvorki Alþingi né ríkisstjórn hafi nokkurn íhlutunarrétt um það, hvaða dægrastyttingu fólk velur sér innan veggja síns eigin heimilis, svo fremi það ekki brýtur í hága við landslög. Alþingi ber að standa vörð um frelsi einstaklingsins á öllum sviðum.

Auk þess lít ég svo á, að öll fjarskiptatæki, hvort heldur í umsjón varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli eða íslenskra yfirvalda, séu öryggistæki, sem þjóðinni geta komið að miklu gagni, ef skyndilega þyrfti til þeirra að grípa í neyðartilfellum.

Jafnframt leyfi ég mér að benda á, að ríkisstjórninni ber skylda til að veita sínum þjóðfélagsþegnum þá sjálfsögðu þjónustu, að ÞEIR njóti, svo fljótt sem auðið

er og kostnaðarhlið þess máls leyfir, aðgangs að beinu sambandi við sjónvarpssendingar erlendra stöðva, á sama hátt og tíðkast um útvarpsnotkun.

Ég er sammála meiri hluta þjóðarinnar, að valfrelsi eigi að ríkja á öllum sviðum, enda sýnir barátta Íslendinga, að hvers kyns kúgun er tilgangslaus. Höft og bönn, sem brjóta í bága við réttarmeðvitund einstaklingsins, ná aldrei fram að ganga á Íslandi.

## Ed. 18. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 8. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 13% — þrettán af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjögur af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða:

#### I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og skóluskatti skv. 8. gr. laga nr. 10/1974, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

#### II.

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi, til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni, skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

#### III.

Í þeim mánuði, er lög þessi taka gildi, skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með gildistöku dags þessara laga, en hinni vegna sömu starfsemi frá og með næsta degi eftir gildistöku dags og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur verði hækkaður um tvö prósentustig, úr 11% í 13%. Eftir þá hækkun yrðu þau gjöld, er lögð eru á söluskattstofn sam-

tals 19%, er skiptast þannig milli gjaldstofna: söluskattur 13%, söluskattauki 4%, viðlagagjald 1%, og gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana 1%. Tvö síðastnefndu gjöldin eru þó tímabundin og eiga ekki að gilda lengur en til 28. febrúar 1975.

Greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka hefur versnað jafnt og þétt á undanförunum mánuðum. Valda því aukin útgjöld, einkum útgjöld vegna hækkaðra niðurgreiðslna svo og að fyrirsjáanlegt er, að niðurgreiðslur munu halda áfram lengur en fyrirhugað var. Hina erfiðu greiðslustöðu má og rekja til mjög erfiðs fjárhags ýmissa ríkisstofnana, t. d. Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, en sá dráttur, sem orðið hefur á, að fyrirtækjum þessum verði séð fyrir tekjustofnum í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir þeirra, hefur haft í för með sér stórukið útstreymi úr ríkissjóði. Virðist einsýnt, að mikið muni skorta á, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldum, ef ekki verður gripið til ráðstafana til að auka tekjur ríkisins. Áætlað er, að hvert söluskattstig gefi um 900 millj. kr. tekjur á ári. Þar sem 8% tekna af söluskatti er ráðstafað til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mun hlutdeild ríkissjóðs nema um 830 millj. kr.

**Nd.**

## 19. Frumvarp til laga

[9. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi, 1974.)

### 1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 22. ágúst 1974, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 21. ágúst 1974, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 7. september 1974.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir október lok 1974.

### 2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1974, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, er í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrissskil, að frádregnum 17% gengismun, er svarar til þeirrar breytingar, sem ákvæðin hefur verið á gengi krónunnar. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 3. málsgr.

Áður en umræddu fé er ráðstafað samkv. 2. málsgr. skal greiða af því sem hér segir:

- a. Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1974, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- b. Gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði laga nr. 18 frá 4. apríl 1972.
- c. Halla, sem verða kann vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. október 1974.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirhæli um framkvæmd laga þessara.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. ágúst 1974 ákvað Seðlabankinn, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, 17% lækkun á markaðsgengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar.

Enda þótt hér sé ekki um að ræða breytingu á stofngengi, en slík breyting hefur ekki verið gerð síðan tekið var upp fljótandi gengi, er óhjákvæmilegt, með tilliti til þess hversu mikil þessi breyting er og einnig vegna þess, að gengisbreyting þessi er einn liður í margþættum efnahagsaðgerðum, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir, að setja í lög ákvæði svipuð þeim, sem áður hafa verið sett í sambandi við breytingar á gengi íslensku krónunnar. Er þar fyrst og fremst um að ræða tollmeðferð á innflutningi svo og ráðstöfun á þeim gengismun, sem fram kemur vegna útflutnings.

## Um 1. gr.

Aðalatriði þessarar greinar eru frestir þeir, sem settir eru í sambandi við afgreiðslu tollskjala og eru í samræmi við það, sem áður hefur tíðkast við fyrri gengisbreytingar. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskárlaga um tollmeðferð skjala, eftir að hið nýja gengi hefur tekið gildi.

## Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að framleiðsla frá og með 1. september verði greidd á hinu nýja gengi og fær fiskvinnslan þannig notið hins nýja gengis þegar eftir að gengisbreytingin hefur verið gerð. Á móti því er gengið út frá, að fiskverð, sem ákveðið verði frá og með 1. október, taki einnig til þess afla, sem seldur verður í september.

Við fyrri gengisbreytingar hefur mismunandi háttur verið hafður á með ráðstöfun gengismunar af útfluttum afurðum. Hér er ekki gert ráð fyrir að taka gengismun af öðrum afurðum en sjávarafurðum. Að því er iðnaðinn snertir kemur sá hagnaður, sem af gengisbreytingu kann að leiða fyrir útflutningsiðnaðinn þeim iðnaði beint til góða og ekki þörf á neinni tilfærslu þar milli greina og sama gildir um landbúnaðarafurðir. Um sjávarútveginn gegnir nokkuð öðru máli. Í sambandi við fjölþættar ráðstafanir, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir í því skyni að bæta afkomu sjávarútvegsins er óhjákvæmilega um að ræða nokkrar tilfærslur milli einstakra greina en mismunandi afkoma greinanna gerir slíkt nauðsynlegt einnig með tilliti til þess, að jafna afkomumun liðins tíma. Þykir því eðlilegt, eins og áður hefur verið við gengisbreytingar, að þeim gengismun, sem myndast við skil á gjaldeyri fyrir afurðir, sem framleiddar hafa verið fyrir gengisbreytinguna en ekki greiddar fyrr en eftir hana verði ráðstafað í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og sjóða hans eftir því, sem ákveðið er í þessu frv. og síðar verður ákveðið. Gert er ráð fyrir, að gjaldeyri verði greiddur á því kaupgengi, sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum þeim hundraðshluta, er svarar sem næst til þeirrar breytingar, sem ákveðin var á gengi krónunnar 30. ágúst 1974. Hér þykir eðlilegt að tiltaka ákveðinn hundraðshluta, þar sem gengi flestra gjaldmiðla, og þar með íslensku krónunnar er nú fljótandi og breytingar verða oft allverulegar á hinum ýmsu gjaldmiðlum. Er hér miðað við þá breytingu, sem ákveðin var á gengi krónunnar 30. ágúst 1974 en ekki tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunna að verða síðar.

Að því er varðar ráðstöfun á því fé, sem þannig kemur inn á hinn sérstaka reikning ríkissjóðs, er gert ráð fyrir, að það verði gert með sérstökum lögum og að fénu

verði varið í þágu sjávarútvegsins. Áður en slík lög verða sett, en á því kynni að verða einhver dráttur, þar sem nokkurn undirbúning þarf til, þykir æskilegt að til- taka þegar í þessum lögum þrjú atriði, sem fé af þessum reikningi yrði varið til að greiða, sbr. a—c liði þessarar greinar.

Samkvæmt a-lið ber að greiða þær hækkanir, sem verða á útflutningskostnaði vegna gengisbreytingarinnar vegna þeirra afurða, sem gengismunur er greiddur af í sjóðinn. Þá kveður b-liður svo á, að greiða skuli gengisbætur vegna innstæðna Verð- jöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en skv. lögum nr. 18 frá 4. apríl 1972 er svo ráð fyrir gert, að Verðjöfnunarsjóðurinn sé gengistryggður og eðlilegt að gengismunur, sem verður nú við gengisbreytinguna renni að hluta til að bæta sjóðnum það tap, sem hann verður fyrir vegna breytingarinnar. Í c-lið er svo gert ráð fyrir, að það sem á vantar, að til sé fyrir niðurgreiðslu olíu til fiskiskipa greiðist af gengismun. Hér er bæði um að ræða hluta af því, sem greiða átti af sérstöku gjaldi af loðnuafurðum frá síðustu vertíð en gat ekki orðið vegna stórfelldrar verðlækkunar á loðnumjöli og einnig vegna niðurgreiðslu á tímabilinu júní—september þ. á.

•

## Ed. 20. Breytingartillögur [3. mál]

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48 16. maí 1974 um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Frá Jóni G. Sólnes.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar gr. svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 3. gr. laganna falli niður.
2. (3. gr.) Orðin „svo og verðbætur,“ í 5. gr. laganna falli niður.

## Nd. 21. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið á eitt sátt um afstöðuna til þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar, KP og KS, eru andvígir frv. og leggja til, að það verði fellt.

Alþingi, 30. ágúst 1974.

Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen.  
varaform.

Þórarinn Þórarinsson, Karl G. Sigurbergsson, Gunnar Thoroddsen.  
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
form.

**Ed. 22. Nefndarálit [9. mál]**

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið á eitt sátt um afstöðuna til þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hluti nefndarinnar, JÁH, er andvígur frv. og leggur til, að það verði fellt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón Helgason og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 30. ágúst 1974.

Geir Hallgrímsson, form.	Jón G. Sólnes, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, varaform.
Albert Guðmundsson.	Jón Árm. Héðinsson.	

**Ed. 23. Lög [9. mál]**

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 30. ágúst.)

Samhljóða þskj. 19.

**Ed. 24. Nefndarálit [8. mál]**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri, kom á fund nefndarinnar og veitti upplýsingar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM :**

2. gr. orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1974.
- Ákvæði til bráðabirgða III falli niður.

Alþingi, 2. sept. 1974.

Geir Hallgrímsson, form.	Jón G. Sólnes, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Albert Guðmundsson.	Jón Helgason.	

**Ed.****25. Nefndarálit**

[8. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í athugasemdum við frv. segir, að greiðslustaða ríkissjóðs hafi farið mjög versnandi á undanförnum mánuðum og komi þar til áhrif frá auknum niðurgreiðslum og erfiðum fjárhag hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Vegasjóði. Til þess að bæta úr þessu til skamms tíma er hér lagt til, að söluskattur verði hækkaður um 2% og verði alls 19 stig á smásöluverð neytenda.

Hér er farið inn á nýjar brautir með því að leggja til að söluskattur, sem er eftir reynslu langtíma skattstofn, sé hækkaður til þess að mæta nú skammtíma lausn á stöðu ríkissjóðs. Þetta er því athyglisverðara, sem það var eitt af aðalmálum hjá sjálfstæðismönnum við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, að setja ætti „þak“ á fjárlögin og draga þannig verulega úr aukinni skattheimtu á almenning í landinu. Nú hafa mál skipast þannig, að þeir sem lögðu til að byrjað væri á þaksmíðinni eru komnir á „þak“ stjórnmalanna, og skildi maður því ætla að hinir nýju „fiðlarar á þakinu“ hæfu að spila samkvæmt fyrri forskrift, en svo er að sjá sem þær nótur finnast nú ekki. Sá tónn, er með þessu frv. er gefinn, virðist því vera falskur og ekki í samræmi við frumvarp og orð núverandi fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra.

Fyrir Alþingi liggur nú að leysa úr fjárhagsvandræðum Rafmagnsveitna ríkisins og Vegasjóðs og meðan ekki liggur fyrir að vandamál þessara tveggja ríkisstofnana verði leyst eins og tillögur eru um, telur undirritaður ekki rétt að koma með hækkun á söluskatti til skyndilausnar á fjárhagsvandræðum þeirra.

Það er viðurkennt af öllum, að of mikil þensla ríkir hér í efnahagskerfi okkar og óðaverðbólgan geisar með meiri ofsa en nokkru sinni áður.

Það væri því rökrétt að ætlast til þess að fyrstu ráðstafanir nýrrar ríkisstjórnar væru til þess gerðar að hamla rösklega á móti verðbólgunni, en ekki sem olíuskvetta á hálið.

Það kom fram á fundi nefndarinnar, að staða ríkissjóðs var um ÷ 2.8 milljarðar í ágúst s. l. og mun það vera um 2 milljörðum verri staða en á sama tíma 1973.

Einnig kom fram, að lántökur eru nú svo miklar orðnar á þessu ári, að ekki er þess að vænta að meira verði gert í því efni erlendis frá. Hvort sem hlutfall á lánum hjá ríkissjóði hefur farið mikið hækkandi eða ekki á þessu ári, þá verður að telja það óeðlilegt að afgreiða í skyndi hækkun á söluskatti, er leggur nær 2000 milljónir á almenning, án þess að glögg grein sé gerð fyrir þörfum á þessu fjármagni og mótun nýrrar stefnu í fjárlagagerð ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu, leggur undirritaður til, að frv. um hækkun á söluskatti um 2 stig verði fellt.

Alþingi, 2. sept. 1974.

Jón Árm. Héðinsson.

**Ed.****26. Nefndarálit**

[8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er stefnt að 2% hækkun sköluskatts. Hér er að sjálfsögðu um varanlega ráðstöfun að ræða, enda óhægt um vik að hækka eða lækka



söluskattsprósentu eftir því hvernig á stendur hverju sinni, og má því ganga út frá því sem vísu, að þessi hækkun söluskattsins standi til frambúðar, en á ársgrundvelli veitir þessi skattaaukning a. m. k. 1800 millj. kr. viðbótartekjur í ríkissjóð miðað við núverandi verðlag.

Það hlýtur því að vekja furðu hvernig þessi mikla viðbótarskattheimta er rökstudd í grg. frumvarpsins. Þar er engin grein gerð fyrir tekjubörf ríkissjóðs á ársgrundvelli, en einungis vísað til þess að ríkissjóður þurfi nú fjármagn til sérstakra, tímabundinna þarfa. Eru þar einkum nefndar þrjár ástæður: **niðurgreiðslur landbúnaðarafurða**, sem þó liggur ekkert fyrir um hve miklar verða til næstu áramóta en yfirlýst er að eiga að lækka verulega, **fjárhagur Vegasjóðs og rekstrartap Rafmagnsveitna ríkisins**. Þar sem stefnt er að því að hækka verðjöfnunargjald af raforku og auka verulega tekjur Vegasjóðs af umferðinni, er ljóst að söluskattsaukningin á ekki að renna til þessara þarfa nema rétt til bráðabirgða. Þessi mikla viðbótarskattheimta sem **varanlegur** tekjustofn fyrir ríkissjóð er því órökstudd með öllu.

Greiðslustaða ríkissjóðs mun vera erfið um þessar mundir og er því vafalaust óhjákvæmilegt að ráðstafanir séu gerðar til að fylla í skarðið. Rétt er að hafa í huga, að gengisbreytingin mun hafa í för með sér talsvert meiri tekjur en gjöld fyrir ríkissjóð. Einnig væri eðlilegt, að reynt yrði að draga nokkuð úr ríkisútgjöldum og skjóta framkvæmdum á frest. Ef talið er óhjákvæmilegt að auka skattlagningu er sjálf-sagt og eðlilegt, eins og á stendur, að þar verði ekki um að ræða skatt á almennar neysluvörur, heldur fremur á einhverja tegund eyðslu, sem flokkast getur til **mun-aðar**. Eins væri eðlilegt, að reynt væri að skattleggja þann mikla verðbólguþróða, sem nú fellur til í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr.

Hitt er fráleitt með öllu að hækka allt verðlag í landinu með söluskattsaukningu vegna tímabundinna erfiðleika ríkissjóðs. Þar að auki liggur ekkert fyrir um það hvernig láglounafólki verði bætt þessi kjararýnun. Þessi hækkun söluskattsins er ekki aðeins órökstudd með öllu frá sjónarmiði ríkisfjármála á árinu 1975 og óskynsamleg frá efnahagslegu sjónarmiði, heldur beinlínis til þess fallin að auka þann vanda, sem við er að eiga í efnahags- og kjaramálum. Þess vegna legg ég til að **frumvarpið verði fellt**.

Ragnar Arnalds.

Alþingi, 2. sept. 1974.

## Ed. **27. Frumvarp til laga** [8. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. sept.)

### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 13% — þrettán af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjögur af hundraði — söluskattaauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða:****I.**

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 8. gr. laga nr. 10/1974, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

**II.**

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

**Nd. 28. Breytingartillaga [6. mál]**

við frv. til I. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá Lúðvík Jósepssyni, Karvel Pálmasyri, Gils Guðmundssyni.

Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

Þó skal verja fjárhæð sem nemur kr. 2.00 af hverjum lítra af gjaldi samkv. 1. gr. til þess að leggja bundið slitlag á vegi í þéttbýli samkvæmt nánari ákvæðum þar um, sem sett skulu í reglugerð.

**Ed. 29. Frumvarp til laga [10. mál]**

um breyting á lögum um samkomudag reglulegs Alþingis nr. 3 14. febrúar 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

Við lögín bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Reglulegt Alþingi 1974 skal koma saman þriðjudaginn 29. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er hefur aukabing setið að störfum síðan 18. júlí 1974 og ríkisstjórn varð ekki mynduð fyrr en 28. ágúst s. l.

Tími gefst því ekki til að undirbúa ýmis mál fyrir reglulegt þing 10. október n. k.

**Nd. 30. Nefndarálit [5. mál]**

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og ekki orðið sammála um afstöðuna til þess. IJ, EKJ og ÞÞ vilja samþykkja frumvarpið með breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. EðS og ES munu skila sérstöku álit.

LJ og ÍG voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. september 1974.

Ingólfur Jónsson,  
form., frsm.

Þórarinn Þórarinsson,  
varaform.

Eyjólfur K. Jónsson.

**Nd. 31. Nefndarálit [3. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 16. maí 1974, um happdrættislán rikissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. september 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
form.

Gils Guðmundsson,  
fundaskr.

Matthías Bjarnason,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Þórarinn Þórarinsson.  
Karvel Pálmason.

Gunnar Thoroddsen.

**Nd. 32. Nefndarálit [6. mál]**

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar hefur fjallað um mál þetta á einum fundi og hefur nefndin klotnað í málinu.

Undirritaðir í minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar viðurkenna, að fjáröflunar til Vegasjóðs sé þörf, og hafa þeir tekið þátt í viðræðum um slíka fjáröflun.

Í þeim viðræðum var talið nægjanlegt til lausnar þeim fjárhagsvanda, sem Vegasjóður á nú við að glíma, að hækka bensíngjald úr kr. 9.87, sem það nú er, í kr. 14.87 eða um 5 kr. en ekki 7 kr. eins og núverandi meiri hluti ætlar að framkvæma. Það ber á að líta í þessu sambandi, að hefði stjórnarandstaðan á s. l. vori ekki stöðvað fjáröflunarmálið í þinginu, hefði 4 kr. hækkun á lítra eins og þá var fyrirhugað nægt til að brúa bil Vegasjóðs.

Þar sem allar horfur eru á, að 7 kr. hækkun bensínlitra verði samþykkt, teljum við eðlilegt, að 2 kr. af þessum 7 renni til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli, það

er í bæjum og kaupþúnum, sem skammt eru á veg komin í þeim framkvæmdum, og á sérstöku þingskjali flytjum við þrjú þingdeildarmenn tillögu þar að lútandi.

Alþingi, 3. september 1974.

Karvel Pálmason, Gils Guðmundsson.  
frsm.

**Nd.** **33. Breytingartillögur** [5. mál]

við frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar. (ÞÞ, IngJ, EKJ.)

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.  
Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra orkumála, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs.
2. Við 2. gr. Önnur málsg. falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.  
Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. mgr. 1. gr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.  
Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð sbr. ákv. 1. mgr. þessarar greinar um sölu.
4. Við 6. gr. Fyrri málsg. orðist svo:  
Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Orkusjóðs.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:  
Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar og Íslenska álfélagsins hf. og til húshitunar.
6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánnum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973, að fjárhæð allt að 148.3 millj. kr.
7. Við 16. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974 og falla úr gildi 31. desember 1975. Umboð núverandi stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins fellur niður við gildistöku þeirra.

**Nd.** **34. Nefndarálit** [6. mál]

um frv. til 1. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt með eftirgreindum

## BREYTINGUM:

1. Við 11. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema þunga-skattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags, sé um að ræða þungaskatt samkv. ökumæli.
2. Við 14. gr.
  - a. Greinin orðist svo:  
Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði XIV. kafla laga nr. 80/1973.
  - b. Á eftir gr. komi ný gr. svo hljóðandi:  
Lög þessi öðlast gildi 9. september 1974.
3. Ákvæði til bráðabirgða III breytist svo:  
Í stað „1. september“ í 1., 2., 3. og 4. mgr. komi: 9. september.

Alþingi, 4. september 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, Þórarinn Þórarinsson, Matthías Bjarnason.  
form. frsm.  
Matthías Á. Mathiesen. Gunnar Thoroddsen.

**Nd. 35. Nefndarálit [5. mál]**

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var flutt til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og ekki er ágreiningur um, að þar sé þörf úrbóta. Nú hafa mál hins vegar skipast þannig, að lagðir eru á almenning stórfelldir nýir skattar, sem renna eiga í ríkissjóð, án þess að vitað sé, hvort almennt launafólk fær nokkrar bætur fyrir. Minna má einnig á, að ein af röksemdunum fyrir hækkun söluskattsins um tvö stig er hin slæma afkoma Rafmagnsveitna ríkisins, og yrði þá um tvöfalda skattheimtu að ræða.

Undirritaðir telja, að eins og nú er háttað um nýja skattlagningu til ríkissjóðs, eigi að fresta afgreiðslu þessa frv. og leggja því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nái sú tillaga ekki fram að ganga, leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 4. september 1974.

Eðvarð Sigurðsson, Eyjólfur Sigurðsson.  
frsm.

**Nd. 36. Breytingartillögur [6. mál]**

við frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (VH, MB, MÁM, GTh, ÞÞ).

1. Við 1. gr.  
Í stað „kr. 17.00 af hverjum lítra“ komi: kr. 16.00 af hverjum lítra.
2. Við 5. gr.
  - a. Í stað kr. „45 000“ í a- og b-lið gr. komi: kr. 42.000.
  - b. Í stað „kr. 1550“ í b-lið komi: kr. 1500.
3. 8. gr. falli niður.

**Ed. 37. Nefndarálit** [10. mál]

um frumvarp til laga um breyting á lögum um samkomudag reglulegs Alþingis nr. 3 14. febrúar 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Geir Gunnarsson leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Eggert G. Þorsteinsson tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Alþingi, 4. september 1974.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.
Oddur Ólafsson.	Geir Gunnarsson.	Axel Jónsson.
	Jón G. Sólmes.	

**Nd. 38. Breytingartillögur** [5. mál]

við frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku, og brtt. á þskj. 33.

Frá iðnaðarráðherra.

1. Við 14. gr.
  - a. Í stað „þrjá“ í 1. mgr. komi: fimm.
  - b. Í stað „tveggja“ í 3. mgr. komi: þriggja.
2. Við 7. brtt. á þskj. 33 (16. gr. frv.).  
Síðari málsliður falli niður.

**Nd. 39. Frumvarp til laga** [6. mál]

um fjáröflun til vegagerðar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. sept.)

**1. gr.**

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensingjald — af bensini, er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 1. september 1974 nema kr. 16.00 af hverjum lítra.

**2. gr.**

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einni til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

**3. gr.**

Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

**4. gr.**

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensini, er miðist við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð

setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensíni, er sönnur eru færðar á, að hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

#### 5. gr.

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1975 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

- a) Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga eða léttari greiðast kr. 42 000.
- b) Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 42 000 og auk þess kr. 1 500 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

#### 6. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðæftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðæftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

#### 7. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að öikumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við bifreiðar af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinn nota. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt sky. öikumælum, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun og viðgerðir. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um áætlun á þungaskatti, sé öikumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma og heimilað á sama hátt, að bifreið sé tekin úr umferð, sé mælir ekki settur í hana á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreiðina til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissum arki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ákveða má í reglugerð, að öikumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd). Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga, innheimtu og áætlun þungaskatts. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð, að heimilt sé að taka festi- og tengivagna úr umferð, sé mælir ekki settur í þá á tilskildum tíma eða ekki komið með þá til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 8. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a- og b-lið 5. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákv. 2. mgr. 7. gr. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádragnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

#### 9. gr.

Innheimtu bensingjalds, gúmmigjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensingjald og gúmmigjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

#### 10. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni sá þungaskattur, sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags, sé um að ræða þungaskatt samkv. ökumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur hefur lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

#### 11. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.



## 12. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna, sem aflað verður skv. ákvæðum laga þessara, veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

Eftir því sem ákvæðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættis-skuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegjar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls visitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974, sbr. lög nr. 99/1971.

## 13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði XIV. kafla laga nr. 80/1973.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 9. september 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

- I. Af bifreiðum, sem nota bensín að eldsneyti, skal á árinu 1974 greiða þungaskatt kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra. Af bifhjólum skal greiða kr. 450.00 í þungaskatt á árinu 1974.
- II. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal á árinu 1974 í stað gjalds skv. 5. gr. þessara laga greiða þungaskatt sem hér segir:
  - a. Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.
  - b. Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 27 500 og auk þess kr. 950 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að hækka gjaldskrá fyrir þungaskatt þeirra bifreiða, er skv. reglugerð eiga að greiða þungaskatt skv. öikumæli, frá 1. október 1974 að telja.
- III. Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensinbirgða, sem til eru í landinu 9. september 1974. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
 

Gjaldið skal greiða, hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafir gjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 9. september 1974, skal greiða kr. 7.13 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum afbe nsíni eða meiru þann 9. september 1974, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir, óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 9. september 1974.

Nd.

**40. Breytingartillaga**

[6. mál]

við frv. til I. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá Karvel Pálmasynt og Lúðvík Jósepssynt.

## Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

Þó skal verja fjárhæð sem nemur kr. 1.00 af hverjum lítra af gjaldi samkv. 1. gr. til þess að leggja bundið slitlag á vegi í þéttbýli samkv. nánari ákvæðum þar um, sem sett skulu í reglugerð.

Alþt. 1974. A. (95. löggjafarþing).

**Nd. 41. Nefndarálit [8. mál]**

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/ 1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur athugað frv. Á fundi nefndarinnar mættu þeir Gísli Blöndal hagsýslustjóri og Höskuldur Jónsson ráðuneytissjóri. Nefndin klotnaði um málið og mælir meiri hl. með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. sept. 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, Þórarinn Þórarinsson, Matthías Bjarnason.  
form. frsm.  
Matthías Á. Mathiesen. Gunnar Thoroddsen.

**Ed. 42. Nefndarálit [6. mál]**

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar hefur fjallað um mál þetta á einum fundi og hefur nefndin klotnað í málinu.

Undirritaður viðurkennir, að fjáröflunar til Vegasjóðs sé þörf, en telur nægjanlegt til lausnar þeim fjárhagsvanda, sem Vegasjóður á nú við að glíma, að hækka bensíngjald um 5 kr.

Þar sem allar horfur eru á, að 6 kr. hækkan bensínlíttra verði samþykkt, tel ég eðlilegt, að 1 kr. af þessum 6 renni til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli, það er í bæjum og kaupúnum, sem skammt eru á veg komin í þeim framkvæmdum, og á sérstöku þingskjali flyt ég tillögu þar að lútandi.

Alþingi, 4. sept. 1974.

Ragnar Arnalds.

**Ed. 43. Breytingartillaga [6. mál]**

við frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

Þó skal verja fjárhæð sem nemur kr. 1.00 af hverjum lítra af gjaldi samkv. 1. gr. til þess að leggja bundið slitlag á vegi í þéttbýli samkv. nánari ákvæðum þar um, sem sett skulu í reglugerð.

**Nd. 44. Lög [3. mál]**

um breyting á lögum nr. 48 16. maí 1974 um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

(Afgreidd frá Nd. 4. sept.)

Samhljóða þskj. 3.

**Ed. 45. Nefndarálit [6. mál]**

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Minni hlutinn, Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson skila sérálit.

Alþingi, 4. sept. 1974.

Geir Hallgrímsson, form.	Jón G. Sólnes, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, varaform., frsm.
Jón Helgason.	Albert Guðmundsson.	

**Ed. 46. Nefndarálit [6. mál]**

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með samþykkt á þessu frumvarpi mun almenningur enn verða að taka á sig auknar álögur, er munu nema milli 600—700 milljónum króna á næsta ári. Þessar álögur ásamt komandi hækkun á söluskatti nema því um 2500 milljónum, auk hinna geygvænlegu hækkana, er gengisfellingin sjálf leggur á allan almenning. Með enn einu frumvarpinu ætlar ríkisstjórnin að lögfesta í þremur frumvörpum nýjar álögur um 3000 milljónir. Þetta eru svo miklar álögur í einu veffangi, að ekki verður með nokkurri sanngirni sagt, að hér sé farið að með gát, miklu fremur er hér ruðst áfram af handahófi og án skipulegrar stefnu um tekjuöflun fyrir ríkissjóð og viss ríkisfyrirtæki.

Það er staðreynd, að gagnvart almenningi hefur gengisbreyting ein sér á um 7 stöðstliðnum mánuðum hækkað öll erlend aðföng um 50 prósent og virtist manni sem slíkar álögur væru nógar á almenning, en svo er ekki að sjá, ef dæma má eftir atferli ríkisstjórnarinnar.

Fyrir nær tveimur árum rökstuddi þáverandi forsætisráðherra gengisfellinguna í desember með þessum orðum: „Ég álit, að með þessari aðferð sé rekstrargrundvöllur tryggður fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, atvinnuöryggi tryggt og kaupmáttur launa tryggður“. Jóhann Hafstein, þáverandi form. sjálfstæðismanna, sagði um gengisfellinguna í des. 1972: „Ég fyrir mitt leyti gagnrýni fyrst og fremst þessa gengislækkun vegna þess, hvernig hana hefur borið að. Hana ber núna að í góðæri, meira góðæri en við höfum haft kannski um lengri tíma“.

Gengislækkunin frá 1972 skapaði óðaverðbólgu og hefur nú enn verið gripið til gengisfellingar með sömu orðum um að nauðsynlegt væri að tryggja rekstrargrundvöll hjá sjávarútveginum. En þessi frumvörp ásamt gengisfellingunni eru að mati undirritaðs hvati að enn meiri verðbólgu og verðrýnun á sparifé landsmanna. Þetta finnur almenningur og hefur hann því ekki trú nú á þessum ráðstöfunum. Afleiðingarnar munu ekki láta á sér standa. Óðaverðbólgan mun geysa hér enn áfram og færa allt fyrr eða síðar í strand að nýju.

Undirritaður viðurkennir mikla og aukna þörf Vegasjóðs á tryggjum tekjum. Það hefur sjóðurinn, en verðbólgan rýrir svo ört það fjármagn, að framkvæmdamagnið verður hvergi nærri eins mikið og ætla mátti við samþykkt vegáætlunar fyrir yfirstandandi tímabil. Það verður því ekki komist hjá því að meta og vega málið allt upp að nýju og ill nauðsyn knýr Alþingi til þess að fresta ýmsum framkvæmdum í vegáætlun um óákveðin tíma. Í þessu máli sem öðrum verða menn að sníða sér stakk eftir vexti. Það er almennt viðurkennt, að billinn er ómissandi tæki fyrir nær allar fjölskyldur landsmanna og viðbótar álögur á rekstur bílsins, er nema mörgum tugum þúsunda verða að skoðast vel og það er að mati undirritaðs óverjandi vinnubrögð að hespa frumvarp í gegn með skyndiafgreiðslu á nefndarfundi, er stóð í um 15 mínútur og sáralitlar upplýsingar voru veittar. Engar athuganir hafa enn farið fram á hinum breyttu viðhorfum vegna gengisfellingarinnar og eru þetta ekki sæmandi vinnubrögð á Alþingi í dag. Þessu mótmælir undirritaður mjög ákveðið.

Upphaflegt frumvarp um aukna tekjuöflun fyrir Vegasjóð gerði ráð fyrir að margvísleg smágjöld féllu niður, en nú er horfið að nokkru frá þessu og er það ekki til bóta. Vegna þess hvernig málið ber enn að nú á lokadegi þingsins og án heildaryfirsýnar um hvað bifreiðakostur landsmanna greiðir í raun til ríkissjóðs nú þegar og hvað mun mega áætla að umferðin greiði á næsta ári, getur undirritaður ekki stutt þetta frumvarp um svo stórauðnar álögur á rekstur bílanna. Þær álögur snerta nær hverja fjölskyldu í landinu. Við þingmenn Alþýðuflokksins mótmælum kröftuglega þessari álagaherferð ríkisstjórnarinnar á lífskjör almennings og hinni geysilegu rýrnun sparifjárins vegna hennar. Við teljum hækkun á bensíni við rikjandi aðstæður upp í um kr. 50 eða meira, en svo mun verðið verða með öllu samanlagt, ekki réttlæt看lega.

Undirritaður leggur því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og málið allt skoðað að nýju og stjórnarandstaðan eigi þar sinn fulltrúa.

Alþingi, 4. sept. 1974.

Jón Árm. Héðinsson.

**Nd.**

**47. Nefndarálit**

[8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið á einum fundi og hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Undirritaðir í minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar benda á þær upplýsingar, sem fyrir liggja frá 11. ágúst s. l. um stöðu ríkissjóðs. Í þeim upplýsingum er gert ráð fyrir, að halli ríkissjóðs verði kr. 400 milljónir. Þessar upplýsingar hafa ekki verið vefngar. Sú ákvörðun núverandi ríkisstjórnar að fara í svo harkalega

skattheimtu sem 2 stiga hækkun söluskatts er til lausnar ekki stærri vanda en þeim, sem hér um ræðir og það tímabundnum vanda, verður að teljast í alla staði óeðlileg.

Enginn vafi er á því, að tekjuaukning ríkissjóðs vegna 17% gengisfellingarinnar, sem nýverið var ákveðin verður mun meiri en gert er ráð fyrir í þeim upplýsingum, sem áður er vitnað til eða a. m. k. 300 milljónir meiri en þar er gert ráð fyrir og er af því enn ljósara hversu fráleit sú skattheimta er, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur ekki fengist upplýst hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hyggst gera í sambandi við bætur til láglaunafólks, niðurgreiðslur á vöruverði, hækkun fjölskyldubóta, hækkun tryggingabóta og fiskverðsákvörðun. Meðan ekkert fæst upplýst um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að því er þessi atriði varðar telur minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar óverjandi að auka enn stórkostlega álögur á almenning með hækkun söluskatts, og leggur því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 5. sept. 1974.

Karvel Pálmason, Gils Guðmundsson.  
frsm.

## Nd. 48. Frumvarp til laga [5. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. sept.)

### 1. gr.

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notanda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra orkumála, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs.

### 2. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi raforku.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

### 3. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. mgr. 1. gr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð sbr. ákv. 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

### 4. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

### 5. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

## 6. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Orkusjóðs.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

## 7. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar og Íslenska álfélagsins hf. og til húshitunar.

## 8. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

## 9. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

## 10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

## 11. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

## 12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánunum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973, að fjárhæð allt að 148.3 millj. kr.

Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands, sem veitt var ríkissjóði í nafni Rafmagnsveitna ríkisins árið 1973, að fjárhæð 130 millj. kr.

Heimildir þessar ná einnig til gjaldfallinna vaxta af lánunum.

## 13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að þau lán Orkusjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins, sem breytt var í vaxta- og afborgunarlaus lán skv. heimild í 2. gr. laga nr. 96/1965 skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

## 14. gr.

Ráðherra, sem fer með raforkumál, skipar fimm menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenskra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

## 15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitnari kisans og lög nr. 17/1970 um breytingu á þeim lögum.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974 og falla úr gildi 31. desember 1975.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn, eftir gildistöku laga þessara, fyrir tímabil, sem hefst fyrir gildistöku laganna, en lýkur eftir gildistöku þeirra, skal reikna verðjöfnunargjaldið af raforkuverði í réttu hlutfalli við dagafjölda eftir gildistöku laganna af heildardagafjölda reikningstímabilsins.

**Nd.****49. Nefndarálit****[10. mál]**

um frv. til l. um breyting á l. um samkomudag reglulegs Alþingis, nr. 3 14. febr. 1967.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Svava Jakobsdóttir leggur til, að frumvarpið verði fellt. Sighvatur Björgvinsson tekur ekki afstöðu til málsins. Páll Pétursson var fjarverandi.

Alþingi, 5. sept. 1974.

Ellert B. Schram, form., frsm.	Eyjólfur K. Jónsson.	Ingólfur Jónsson.
Gunnlaugur Finnsson.	Svava Jakobsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.

**Ed.****50. Nefndarálit****[5. mál]**

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti iðnaðarnefndar mælir með samþykkt frumvarpsins óbreyttu.

Alþingi, 5. sept. 1974.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Steingrímur Hermannsson, varaform., frsm.	Jón G. Sólmes.
Geir Hallgrímsson.	Ingi Tryggvason.	

**Ed. 51. Nefndarálit** [5. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ekki skulu bornar brigður á þörf Rafmagnsveitna ríkisins fyrir tekjuauka. Nú stefnir hins vegar að því, að alþýða manna verði að inna af höndum auknar skattgreiðslur umfram það, sem ætla má að geti hrokkið til, svo að ekki verður á bætandi hækkun rafmagnsverði.

Vakin skal athygli á því, að tveggja stiga hækkun söluskatts er rökstudd m. a. með fjárförf rafmagnsveitnanna, og yrði því tvískattað samkv. þessu frumvarpi, vegna sömu útgjalda.

Undirritaðir leggja til að afgr. frumvarpsins verði frestað og því vísað til ríkisstjórnarinnar, eða það fellt ella.

Alþingi, 5. sept. 1974.

Stefán Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson.  
frsm.

**Ed. 52. Lög** [6. mál]

um fjáröflun til vegagerðar.

(Afgreidd frá Ed. 5. sept.)

Samhljóða þskj. 39.

**Ed. 53. Lög** [5. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Afgreidd frá Ed. 5. sept.)

Samhljóða þskj. 48.

**Nd. 54. Lög** [10. mál]

um breyting á lögum um samkomudag reglulegs Alþingis nr. 3 14. febrúar 1967.

(Afgreidd frá Nd. 5. sept.)

Samhljóða þskj. 29.

**Nd. 55. Lög** [8. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

(Afgreidd frá Nd. 5. sept.)

Samhljóða þskj. 27.



**56. Nefndaskipun.**

(95. löggjafarþing.)

**I.****Fastanefndir.****A.****Í sameinuðu þingi:***1. Fjárveitinganefnd:*

Jón Arnason, formaður,  
 Ingvar Gíslason, varaformaður,  
 Matthías Bjarnason,  
 Geir Gunnarsson,  
 Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskrifari,  
 Steinþór Gestsson,  
 Pálmi Jónsson,  
 Þórarinn Sigurjónsson,  
 Jón Árm. Héðinsson.

*2. Utanríkismálanefnd:**Aðalmenn:*

Jóhann Hafstein,  
 Þórarinn Þórarinsson, formaður,  
 Matthías Á. Mathiesen,  
 Gils Guðmundsson,  
 Tómas Arnason,  
 Geir Hallgrímsson,  
 Gylfi Þ. Gíslason.

*Varamenn:*

Friðjón Þórðarson,  
 Jón Skaftason,  
 Guðmundur H. Garðarsson,  
 Magnús Kjartansson,  
 Steingrímur Hermannsson,  
 Ragnhildur Helgadóttir,  
 Benedikt Gröndal.

*3. Atvinnumálanefnd:*

Guðmundur H. Garðarsson,  
 Steingrímur Hermannsson,  
 Jón G. Sólnes,  
 Ragnar Arnalds,  
 Páll Pétursson,  
 Sverrir Hermannsson,  
 Karvel Pálmason.

*4. Allsherjarnefnd:*

Lárus Jónsson,  
 Jón Skaftason,  
 Ragnhildur Helgadóttir,  
 Stefán Jónsson,  
 Jón Helgason,  
 Ólafur G. Einarsson,  
 Magnús T. Ólafsson.

**5. Kjörbréfanefnd:**

Matthías Á. Mathiesen, formaður,  
 Jón Skaftason, varaformaður,  
 Pálmi Jónsson, fundaskrifari,  
 Jónas Árnason,  
 Tómas Árnason,  
 Eyjólfur K. Jónsson,  
 Karvel Pálmason.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Karls G. Sigurbergssonar, 3. (vara)þm. Reykn., Geirþrúðar Hildar Bernhöft, 6. (vara)þm. Reykv., og Eyjólfss Sigurðssonar, 9. (vara)þm. Reykv.

**6. Þingfararkaupsnefnd:**

Sverrir Hermannsson, formaður,  
 Ingvar Gíslason, varaformaður,  
 Friðjón Þórðarson,  
 Helgi F. Seljan, fundaskrifari,  
 Gunnlaugur Finnsson,  
 Sigurlaug Bjarnadóttir,  
 Eggert G. Þorsteinsson.

**B.****Í efri deild:****1. Fjárhags- og viðskiptanefnd:**

Geir Hallgrímsson, formaður,  
 Jón Helgason,  
 Albert Guðmundsson,  
 Ragnar Arnalds,  
 Halldór Ásgrímsson, varaformaður,  
 Jón G. Sólnes, fundaskrifari,  
 Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Hapdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg (3, n.14 (meiri hl.)).  
 Frsm. meiri hl.: Geir Hallgrímsson.  
 Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Viðnám gegn verðbólgu (12, n. 13).  
 Frsm.: Geir Hallgrímsson.
3. Söluskattur (18, n. 24 (meiri hl.), n. 25 (1. minni hl.), n. 26 (2. minni hl.)).  
 Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.  
 Frsm. 1. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.  
 Frsm. 2. minni hl.: Ragnar Arnalds.
4. Ráðstafanir vegna gengis íslenskrar krónu (19, n. 22).  
 Frsm.: Jón G. Sólnes.
5. Fjáröflun til vegagerðar (39, n. 42 (1. minni hl.), n. 45 (meiri hl.), n. 46 (2. minni hl.)).  
 Frsm. 1. minni hl.: Ragnar Arnalds.  
 Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.  
 Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.

*Fastanefndir Ed.: Samgöngu-, landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og félagsmálanefndir.*

2. *Samgöngunefnd:*

Jón Árnason,  
Ásgeir Bjarnason,  
Steinþór Gestsson,  
Helgi F. Seljan,  
Jón Helgason,  
Albert Guðmundsson,  
Eggert G. Þorsteinsson.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Steinþór Gestsson, formaður,  
Ásgeir Bjarnason, varaformaður,  
Jón Árnason,  
Helgi F. Seljan,  
Ingi Tryggvason,  
Axel Jónsson, fundaskrifari,  
Jón Árm. Héðinsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Jón Árnason, formaður,  
Steingrímur Hermannsson, varaformaður,  
Oddur Ólafsson,  
Stefán Jónsson,  
Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,  
Þorv. Garðar Kristjánsson,  
Jón Árm. Héðinsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Geir Hallgrímsson,  
Steingrímur Hermannsson, varaformaður,  
Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður,  
Stefán Jónsson,  
Ingi Tryggvason, fundaskrifari,  
Jón G. Sólnes,  
Eggert G. Þorsteinsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:

Verðjöfnunargjald af raforku (48, n. 50 (meiri hl.), n. 51 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Steingrímur Hermannsson.

Frsm. minni hl.: Stefán Jónsson.

6. *Félagsmálanefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson,  
Steingrímur Hermannsson,  
Axel Jónsson,  
Helgi F. Seljan,  
Jón Helgason,  
Albert Guðmundsson,  
Eggert G. Þorsteinsson.

**7. Heilbrigðis- og trygginganefnd:**

Oddur Ólafsson, formaður,  
Ásgeir Bjarnason, varaformaður,  
Jón G. Sólmes,  
Helgi F. Seljan,  
Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,  
Steinþór Gestsson,  
Eggert G. Þorsteinsson.

**8. Menntamálanefnd:**

Þorv. Garðar Kristjánsson,  
Steingrímur Hermannsson,  
Axel Jónsson,  
Ragnar Arnalds,  
Ingi Tryggvason,  
Steinþór Gestsson,  
Jón Árm. Héðinsson.

**9. Allsherjarnefnd:**

Oddur Ólafsson,  
Ingi Tryggvason, formaður,  
Jón G. Sólmes, varaformaður,  
Geir Gunnarsson,  
Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,  
Axel Jónsson,  
Eggert G. Þorsteinsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:

Samkomudagur reglulegs Alþingis (29, n. 37).

Frsm.: Ingi Tryggvason.

**C.****Í neðri deild:****1. Fjárhags- og viðskiptanefnd:**

Matthías Á. Mathiesen,  
Þórarinn Þórarinsson,  
Matthías Bjarnason,  
Gils Guðmundsson, fundaskrifari,<sup>1)</sup>  
Gunnar Thoroddsen,  
Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður,  
Karvel Pálmason, varaformaður.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Viðnám gegn verðbólgu (2, n. 8).

Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

<sup>1)</sup> Meðan hann dvaldist erlendis, frá þingbyrjun til 3. sept., gegndi störfum hans í nefndinni Karl G. Sigurbergsson.

*Fastanefndir Nd.:* Fjárhags- og viðskipta-, samgöngu-, landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

2. Fjáröflun til vegagerðar (9, n. 32 (minni hl.), n. 34 (meiri hl.)).  
Frsm. minni hl.: Karvel Pálmason.  
Frsm. meiri hl.: Þórarinn Þórarinsson.
3. Ráðstafanir vegna gengis íslenskrar krónu (19, n. 21).  
Frsm.: Þórarinn Þórarinsson.
4. Hapdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg (3, n. 31).  
Frsm.: Matthías Bjarnason.
5. Söluskattur (27, n. 41 (meiri hl.), n. 47 (minni hl.)).  
Frsm. meiri hl.: Þórarinn Þórarinsson.  
Frsm. minni hl.: Karvel Pálmason.

2. *Samgöngunefnd:*

Friðjón Þórðarson,  
Stefán Valgeirsson,  
Sverrir Hermannsson,  
Garðar Sigurðsson,  
Sigurlaug Bjarnadóttir,  
Páll Pétursson,  
Benedikt Gröndal.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Pálmi Jónsson, varaformaður,  
Stefán Valgeirsson, formaður,  
Ingólfur Jónsson,  
Eðvarð Sigurðsson,  
Friðjón Þórðarson, fundaskrifari,  
Þórarinn Sigurjónsson,  
Benedikt Gröndal.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Pétur Sigurðsson,  
Jón Skaftason,  
Guðlaugur Gíslason,  
Garðar Sigurðsson,  
Matthías Bjarnason,  
Tómas Árnason,  
Sighvatur Björgvinsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Ingólfur Jónsson, formaður,  
Þórarinn Þórarinsson, varaformaður,  
Lárus Jónsson,  
Eðvarð Sigurðsson,  
Eyjólfur K. Jónsson,  
Ingvar Gíslason, fundaskrifari,  
Gylfi P. Gíslason.<sup>1)</sup>

---

<sup>1)</sup> Á fundi nefndarinnar 4. sept. tók sæti hans í nefndinni Eyjólfur Sigurðsson.

*Fastanefndir Nd.: Iðnaðar-, félagsmála-, heilbrigðis- og trygginga-, menntamála- og allsherjarnefndir.*

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Orkulög (5).  
Nefndarálit kom ekki.
2. Verðjöfnunargjald af raforku (6, n. 30 (meiri hl.), n. 35 (minni hl.)).  
Frsm. meiri hl.: Ingólfur Jónsson.  
Frsm. minni hl.: Eðvarð Sigurðsson.

6. *Félagsmálanefnd:*

Ólafur G. Einarsson,  
Stefán Valgeirsson,  
Lárus Jónsson,  
Garðar Sigurðsson,  
Ellert B. Schram,  
Gunnlaugur Finnsson,  
Gylfi P. Gíslason.

7. *Heilbrigðis- og trygginganefnd:*

Ragnhildur Helgadóttir,  
Jón Skaftason,  
Sverrir Hermannsson,  
Jónas Árnason,  
Guðmundur H. Garðarsson,  
Pórarinn Sigurjónsson,  
Karvel Pálmason.

8. *Menntamálanefnd:*

Ellert B. Schram,  
Ingvar Gíslason,  
Sigurlaug Bjarnadóttir,  
Svava Jakobsdóttir,  
Ólafur G. Einarsson,  
Gunnlaugur Finnsson,  
Magnús T. Ólafsson.

9. *Allsherjarnefnd:*

Ellert B. Schram, formaður,  
Páll Pétursson, varaformaður,  
Eyjólfur K. Jónsson,  
Svava Jakobsdóttir,  
Ingólfur Jónsson,  
Gunnlaugur Finnsson,  
Sighvatur Björgvinsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:

Samkomudagur reglulegs Alþingis (29, n. 49).  
Frsm.: Ellert B. Schram.

**II.****Lausanevnd.****Í sameinuðu þingi:***Landgræðslu- og gróðurverndarnefnd:*

Gunnar Thoroddsen, formaður,  
Þórarinn Þórarinsson, fundaskrifari,  
Ragnar Arnalds,  
Benedikt Gröndal,  
Magnús T. Ólafsson.

Þingsályktunartillaga, er til nefndarinnar var vísað:

Landgræðslu- og gróðurverndaráætlun (1, n. 4).

Frsm.: Gunnar Thoroddsen.

**Sp.****57. Erindaskrá.**— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

- Akranes, sjá: Fjárfestingarframkvæmdir á, Sjóvarnargarður á.
- Akureyri, sjá: Bygging barnaheimilis á, Styrkur til Leikfélags, Styrkur til Zontaklúbbs.
- Alþingi, sjá: Gjöf til, Samkomudagur, Samkomustaður, Starfsmenn, Pinglausnir.
- Alþjóðaþingmannasamband.* Ritari Vietnam-deildar Alþjóðaþingmannasambandsins býður íslenskri sendinefnd að koma við í Vietnam á leið sinni á fund sambandsins, sem halda á í Japan. Bréf 24. júlí. (Db. 100). — Sjá einnig Ráðstefna um umhverfismál.
- Alþýðusamband Íslands, sjá Félagsmálaskóli alþýðu.
- Anna Þórhallsdóttir, sjá Kaup á húsi.
- Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins* sendir verðlista yfir diplomataverð á áfengi og tóbaki hjá ÁTVR. — Bréflaust. (Db. 130).
- Ágreiningsatkvæði við alþingiskosningar.* Dómsmrn. sendir ágreiningsatkvæði og fleiri gögn frá yfirkjörstjórnnum Austurlandskjördæmis, Suðurlandskjördæmis og Reykjaneskjördæmis varðandi alþingiskosningar, sem fram fóru 30. júní. — Bréf 18. júlí. (Db. 90).
- Baldur Óskarsson, sjá Kosning endurskoðanda Landsbanka Íslands.
- Bandalag íslenskra leikfélaga, sjá Styrkur til.
- Bandaríkjaþing, sjá Ellöfu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1.
- Barnaheimili á Akureyri, sjá Bygging.
- Barnaheimili í Egilsstaðakauptúni, sjá Bygging.
- Baugstaðir í Stokkseyrarhreppi, sjá Varðveisla gamla rjómabúsins.
- Bjarkarlundur, sjá Styrkur til hótellanna.
- Blönduós, sjá Bygging bókhlöðu á.
- Bókakaup fyrir sjúklingabókasöfn.* Menntmrn. sendir erindi Kvennadeildar Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, þar sem farið er fram á aukið framlag ríkisins skv. fjárl. 1975 til bókakaupa fyrir sjúklingabókasöfn. — Bréf 19. ágúst. (Db. 111).
- Búðardalur, sjá Styrkur til Borghildar Hjartardóttur.
- Búskaparhættir á Suðurlandi, heimildarkvikmynd.* Jón Guðmundsson fer fram á, f. h. nefndar til að annast gerð heimildarkvikmyndar um forna búskaparháttu á Suðurlandi, að áfram verði veittur styrkur skv. fjárl. 1975 til greiðslu kostnaðar við að ljúka við kvikmyndina, og jafnframt er þakkaður fyrri styrkur. — Bréf 17. maí. (Db. 16).
- Bygging barnaheimilis á Akureyri.* Félagsmálastjóri Akureyrarbæjar sendir fjv. afrit af bréfi sínu til menntmrn. varðandi byggingu barnaheimilis á Akureyri. — Bréf 31. maí. (Db. 36).
- Bygging barnaheimilis í Egilsstaðakauptúni.* Ritari hreppsnefndar Egilsstaðahrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1975 vegna byggingar barnaheimilis í Egilsstaðakauptúni. — Bréf 29. maí. (Db. 37).
- Bygging bókhlöðu á Blönduósi.* Menntmrn. sendir erindi sýslumanns Húnavatnssýslu þar sem farið er fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1975 vegna byggingar bókhlöðu á Blönduósi og vegna kaupa á skápum til varðveislu skjala í héraðsbókasafninu þar. — Bréf 15. maí. (Db. 19).
- Bygging heilsugæslustöðvar á Sauðárkróki.* Sýslumaður Skagafjarðarsýslu fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1975 vegna byggingar heilsugæslustöðvar í tengslum við Sjúkrahús Skagfirðinga á Sauðárkróki. — Bréf 21. maí. (Db. 20).
- Bygging heilsugæslustöðvar og læknisbústaðar á Hvammstanga.* Stjórn Sjúkrahúss Hvammstanga fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1975 vegna byggingar heilsugæslustöðvar við sjúkrahúsið og byggingar læknisbústaðar á Hvammstanga. — Bréf 10. júní. (Db. 46).



- Bygging Hrafnagilsskóla.* Byggingarnefnd Hrafnagilsskóla fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1975 vegna byggingar 2. áfanga skólans. — Bréf 27. apríl. (Db. 4).
- Bygging sundlaugar á Hvammstanga.* Oddviti Hvammstangahrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1975 vegna byggingar sundlaugar í hreppnum. — Bréf 21. júlí. (Db. 74).
- Bygging Tónlistarskóla Garðahrepps.* Jóhannes Pétursson o. fl. fara fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1975 vegna byggingar skólahúsnæðis fyrir Tónlistarskóla Garðahrepps. — Bréf 25. maí. (Db. 27).
- Byggingarstyrkur vegna Templarahallar í Reykjavík.* Formaður húsráðs Templarahallar í Reykjavík fer fram á, að veittur verði einnar milljón króna byggingarstyrkur vegna byggingar hússins skv. fjárl. 1975. — Bréf 10. júlí. (Db. 59).

Djúpivogur, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 1.

Dómsmálaráðuneyti, sjá Ágreiningsatkvæði við alþingiskosningar.

*Drengskaparheit* eftirtalinna alþingismanna um að halda stjórnarskrá landsins: Alberts Guðmundssonar, Gunnlaugs Finnssonar, Halldórs Ásgrímssonar, Páls Péturssonar, Sighvats Björgvinssonar, Sigurlaugar Bjarnadóttur og Þórarins Sigurjónssonar. — (Db. 70).

*EFTA.* Viðskrn. sendir ársskýrslu EFTA fyrir árið 1972. — Bréflaust. (Db. 108). — Sjá einnig Ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 2.

*Eftirlaun og styrktarfé.*

1. Guðfinna Á. Blöndal. Gústaf A. Sveinsson fer fram á, að eftirlaun Guðfinnu Á. Blöndal, ekkju Ólafs Blöndals, skv. fjárl. hækki verulega frá því sem nú er. — Bréf 25. maí. (Db. 25).
2. Ólafur Tryggvason frá Hamraborg. Kristján frá Djúpalæk, Erlingur Davíðsson o. fl. fara fram á, að Ólafi Tryggvasyni frá Hamraborg verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1975. — Bréf 26. ágúst. (Db. 125).

